



1. tölublað, 13. árgangur. Apríl 2017

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



ALLT HEFST MED



NESCAFÉ

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Netfang

ritstjori@frimur.is

YAR

Kristján Jóhannsson (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (X)
steingrimur.saevarr@gmail.com

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (X)

pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (IX)
olafurs@granthornton.is

Pórhallur Birgir Jóseppson (IX)
thorjose@simnet.is

Bragi V. Bergmann (VIII)
bragi@fremri.is

Pétur S. Jónsson (VII)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VII)
thor12@ru.is

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Bræður ganga upp í Ystadal. Varðskip lónar í Hornvík, Hælavíkurbjarg rís í fjarska. Ljósm. Guðmundur Skúli Viðarsson.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Allt annar heimur

Nýlega átti ég spjall við ungróður um reynslu hans og upplifun við inngöngu í Regluna. Hann sagði meðal annars að það sem hefði komið honum mest á óvart væri að þetta væri „allt annar heimur“. Þetta væri heimur ólíkur öllu öðru sem hann þekkti. Þessi ungróðir hitti þarna naglann á höfuðið.

Við búum í heimi mega-bæta og nanósekúndna þar sem krafist er samstundis upplýsinga. Hversu oft sjáum við ekki stjórnámálamein krafða um viðbrögð nær samstundis eftir einhvern atburð eða ummæli? Enginn tími er til að hugsa eða kanna málið. Og þótt maður furði sig oft á því hversu þjálfað fólk getur verið í svona aðstæðum þá færri stundum betur á því að fólk gæfi sér meiri tíma.

Sama á við um samfélagsmiðlana þar sem allt er látið flakka samstundis.

Í Frímúrarareglunni gefst okkur tími. Okkur gefst tími til að huga að okkar innri manni og velta fyrir okkur stórum spurningum sem varða allt lífshlaupið. Í Reglunni finnum við líka ró og næði frá endalausum skarkala umheimsins. Og hér erum við minntir á þau verðmæti í lífinu sem sjaldnast komast að í kapphlaupinu í samfélaginu.

Margt fleira gerir það að verkum að þetta er „allt annar heimur“. Bræðralagið og bróðurþelið sem við upp-



Valur Valsson.

lifum á hverjum fundi okkar er ekki sérlega áberandi dags daglega í hinum ytra heimi. Það þarf venjulega sorglega atburði til að kalla það fram.

Það er vegna þessa „allt annars heims“ sem Frímúrarareglan hefur lifað svo lengi og getur nú fagnað 300 ára afmæli í heiminum. Þótt þjóðfélögin hafi gjörbreyst á þessum 300 árum þá stendur Frímúrarareglan nær óbreytt. Hennar „allt annar heimur“ felur nefnilega í sér grunnildi mannlífsins sem á hverjum tíma er alltaf þörf fyrir.

Bræður mínir. Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars og hlakka til að hitta ykkur þegar starfið hefst að nýju næsta haust.

Valur Valsson


Sameining stórstúkna á Englandi árið 1813



UNITED GRAND LODGE
OF ENGLAND


Í síðasta blaði Frímúrarans (2016, 12(2): 20-23) var sagt frá fjórum mismunandi stórstúkum enskra frímúrarara sem stofnaðar voru á árunum 1717-1778. Tvær þeirra urðu hvorki fjölmennar né langlífar og hættu starfsemi á átjándu öldinni, en hinar tvær urðu öflugar og náðu hvor um sig nálægt 300 almennum frímúrarastúkum undir sinn verndarvæng þegar frá leið. Þær störfuðu báðar rétt fram á nítjándu öldina en sameinuðust þá með formlegum sameiningarsamningi eins og hér verður greint frá. Milli þessara tveggja stórstúkna hafði lengi vel ríkt mikil samkeppni og alvarlegur ágreiningur um starfsemina, hinn forna grundvöll og um „réttu“ fundarsíði í almennum starfsstúkum. Þær viðurkenndu ekki hvor aðra og meðlimum stúkna, sem heyrðu undir hvora stórstúku um sig, var ekki heimilt að sækja fundi í þeim almennu stúkum sem heyrðu undir hina.

Þegar leið að lokum átjándu aldar fóru að heyrast raddir úr hópi stjórnenda stórstúknanna og úr röðum almennra frímúrarara um að tími væri kominn til að sameina alla enska frímúrarara undir verndarvæng einnar stórstúku. Talið er að stórstúkurnar á Írlandi og Skotlandi hafi einnig lagt sín lóð á vogarskálina, meðal annars vegna þess flækjustígs sem ágreiningurinn hafði viðhaldið í samskiptum þeirra við ensku stórstúkurnar. Að auki má nefna að árið 1799 voru sett lög í Englandi sem bönnuðu starfsemi leynifélaga, en með samstilltu átaki



tókst stórstúkunum þó að koma inn í lögin undanþágu frá þessu stranga banni, meðal annars með stuðningi

konungsfjölskyldunnar og með tilvísun í góðgerðastarfsemi frímúrarara. Engu að síður ríkti áfram totryggni í



garð frímúraranna vegna leyndarinnar sem starfsemin var hjúpuð. Mikilvægt var því að ekki væru einnig til staðar innbyrðis ósætti og erjur.

Í upphafi nítjándu aldar voru stigin nokkur afgerandi skref til sameiningar, en ferlið reyndist viðamikl. Stórstúkan í London og Westminster, sem stofnuð var 1717, kom fyrst á fót sérstakri stúku (Lodge of Promulgation árið 1809) til að fara yfir fundarsíði sinna stúkna og þá þætti í fræðum

þeirra, sem hugsanlega hefðu tekið breytingum í árunna rás. Til þessa verks voru skipaðir 18 hæfir frímúrarar og luku þeir verki sínu á einu ári með reglulegum fundahöldum. Sagan segir að upprunalega stórstúkan hafi með þessu fundið leið til að taka aftur upp hina fornu síði og aðlaga sig um leið að síðum hinnar stórstúkunnar (Stórstúku hinnar fornu frímúrunar frá 1751) og einnig að síðum stórstúknanna á Írlandi og í Skotlandi. Að þessu

loknu voru tilnefndir fulltrúar af hálfu beggja ensku stórstúknanna til að komast að samkomulagi um sameininguna og til að gera sérstakan sameiningarsamning. Það verk stóð yfir í tvö ár, 1811-1813, og lauk með því að stórmeistarar beggja stórstúknanna undirrituðu hinn formlega sameiningarsamning 25. nóvember 1813. Sá samningur var síðan staðfestur með mikilli viðhöfn á sameiginlegri hátíðarsamkomu stórstúknanna á degi Jóhannesar guðspjallamanns, 27. desember 1813, og var sameiningin þá loks orðin að veruleika.

Augljóst var þó að mikið verk væri enn óunnið við að samræma störf og síði í almennum frímúrarastúkum á öllu Englandi. Því var strax sett á stofn sérstök samræmingarstúka beggja aðila (Lodge of Reconciliation) sem hafði í upphafi það hlutverk að samræma fyllilega framkvæmd fundarsíðanna, en síðan að leiðbeina almennu stúkunum um breytingarnar og loks að staðfesta að þær hefðu uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sameiningarsamningnum. Sú stúka starfaði frá 1813 til 1816 og sinni hún hlutverki sínu bæði með því að taka við heimsóknnum frá starfandi stúkum á sína fundi og einnig með því að heimsækja almennar stúkur á þeirra fundi til eftirlits og leiðbeiningar eins og þörf var á hverju sinni.

Hér á eftir fylgja örstuttir kaflar úr sameiningarsamningnum, þýddir úr upprunalegum texta af undirrituðum. Frumtextinn einkennist af fornu málfari og löngum setningum, sem leitast hefur verið við að halda óbreyttum. Samningurinn var settur fram í 21 grein á sjö blaðsíðum og nær til þeirra atriða sem talið var algerlega nauðsynlegt að ná fullu samkomulagi um.

Fyrsta greinin er afgerandi yfirlýsing um sameiningu stórstúknanna tveggja:

„Verða skal, frá og með næstkomandi degi hátíðar heilags Jóhannesar guðspjallamanns, algjör, fullkomin og ævarandi sameining tveggja ofangreindra bræðralaga frjálsra og viðurkenndra frímúrarara í Englandi, þannig að hédan í frá og um eilífið alla skuli þau mynda og vera aðeins eitt bræðralag, og að það samfélag skuli hafa í fyrirsvari aðeins eina stórstúku, sem verður hátíðlega mynduð, stofnsett og haldin á til-

greindum degi næstkomandi hátíðar heilags Jóhannesar guðspjallamanns, frá þeim tíma og til eilífdar.“

Í annarri grein er því lýst yfir að hin forna frímúrun nái aðeins til þriggja stiga, en að þessi grein eigi þó ekki að hindra stúkur eða kapítula í að halda fundi á öðrum stigum:

„Yfirlýst er og fram borið að hrein og forn frímúrarastarfsemi samanstendur af þremur stigum og engu öðru, þ.e. stigi lærlings, starfsfélaga og meistara, - - -“

Víða í samningnum er lögð áhersla á afgerandi yfirlýsingar um sameininguna og að hún verði „algjör og ævarandi“. Sömuleiðis er tekið fram að „alger og fullkomin eining“ skuli vera um öll atriði samningsins og framkvæmd frímúrarastarfsins, skuldbindingar allra meðlima stúknanna, skyldur almennu stúknanna, aga í starfsemi og fræðslu og klæðnað bræðra:

„- - - til þess að aðeins einu hreinu og ómengduðu kerfi, samkvæmt upprunalegum kennileitum, lögum og síðum starfseminnar, skuli viðhaldið og framhaldið og það iðkað í heimi frímúrarara um veröld alla, frá degi og dagsetningu fyrgreindrar sameiningar og fram til endaloka tímans.“

Mikil áhersla er lögð á að koma í veg fyrir ágreining og deilur um „upprunalegar og hreinar skyldur, siðvenjur, reglur og forna siði frímúrarara“. Og með það að markmiði er samþykkt:

„að þær skyldur og þeir viðteknu siðir, sem frá ómunatíð hafa tíðkast og verið notuð og iðkuð í múraraíðninni, skulu vera viðurkennd, samþykkt og móttekin, af meðlimum beggja bræðralaga, sem hreinar og upprunalegar skyldur og siðvenjur, sem hin stofnaða stórstúka Englands, og stúkur undir hennar stjórn, hvar sem er í heiminum, skulu skyldubundnar, - - -“

Þessu til frekari staðfestingar skal, samkvæmt ákvæðum samningsins, bjóða stórstúkum Skotlands og Írlands að senda tvo eða fleiri af vel upp-



lýstum meðlimum sínum til athafnarinna þegar stórstúkurnar sameinast, til að „viðurkennt, yfirlýst og vitað sé“ að allar séu þær bundnar hátíðlegum skuldbindingum og starfi samkvæmt sömu grundvallarlögum. Nokkuð augljóst virðist því að fyrirhuguð sameining um reglur og siði hafi átt að ná til alls breska samveldisins, heima og erlendis, en ekki aðeins til Englands.

Á nokkrum stöðum í samningnum má finna ítarleg ákvæði sem virðast benda til þess að talin hafi verið hættu á deilum um tign og sérstöðu einstakra stúkna og sömuleiðis um röð og réttindi núverandi og fyrrverandi embættismanna á fundum og samkomum í stórstúkuni.

„Fulltrúar hinna mörgu stúkna skulu sitja undir fánum þeirra í samræmi við aldurstign. Tvær fyrstu stúkur hvorrar stórstúku skulu varpa hlutkesti um forgang í fyrsta sæti og þegar önnur þeirra tveggja fær fyrsta sæti skal hin fá annað sætið og síðan koll af kolli, - - -. Og þetta skal að eilífu verða röð og tign stúknanna í stórstúkuni.“ - - - „Stórebættismenn í fyrrnefndum og tilgreindum stórstúkum skulu halda tign og réttindum sínum í sameinuðu stórstúkuni sem fyrrverandi stórebættismenn“ - - -. „- - - eftir andlát allra almennra stúkumeistara í almennum stúkum, - - - skulu fulltrúar slíkra stúkna aðeins vera stúkumeistarinn, verðirnir og aðeins einn fyrrverandi stúkumeistari.“

Um framtíðarstarfsemi stórstúk-

unnar er fjallað í nokkrum greinum samningsins. Fram kemur meðal annars að halda skuli ársfjórðungslegar fulltrúasamkomur, á fyrsta miðvikudegi í mars, júní, september og desember. Þar skulu embættismenn stórstúkunnar eiga aðild og fulltrúar allra stúknanna eins og að ofan er lýst. Á samkomunni skal leggja fram lista með nöfunum allra meðlima stúknanna og gæta þess vel að bæði einstakir frímúrarar og allar stúkurnar hafi greitt áskilin gjöld sín. Á september-samkomunni ár hvert skal að auki kjósa stórmeistara, sem útnefnið öðra stórebættismenn. Árlega hátíð má svo halda á degi Jóhannesar skírara í júní, en sú hátíð skal helguð „bróðurkærleika og endurnæringu“. Aðgang að henni eiga allir fullgildir múrara-meistarar að geta fengið með því að kaupa sér miða á viðeigandi hátt.

Hlutverk sameinuðu stórstúkunnar, samkvæmt samningnum, er að endurvekja hinn forna og hreina sið frímúrarara, að samræma störf og siði stúknanna til framtíðar og að skuldbinda bæði einstakar stúkur og alla meðlimi til að lúta valdi hennar. Stórmeistara hinnar nýju stórstúku er falið að endurnýja starfsleyfi allra aðildarstúknanna og staðfesta þau formlega með innsigli stórstúkunnar þegar hann hefur fengið vissu um að þær hafi tekið upp hinn forna sið. Að öðrum kosti var það á valdi stórstúkunnar að ógilda starfsleyfi almennu stúknanna.

Í samningnum er sérstaklega fjallað um eignir stórstúknanna tveggja og að þær skuli allar renna í góðgerðasjóð hins sameinaða bræðralags.

„Sjódinn, sem starfar í samræmi við markmið góðgerðastarfsemi frímúrarara, má ekki skerða í neinum tilgangi, en skal með ströngum hætti og eingöngu helga góðgerðamálum, og leggja skal sérstaka áherslu á að auka við þau.“

Í lokakafli sameiningarsamningsins eru svo fyrimæli um að setja skuli saman og prenta nýja grundvallarskipan fyrir hina sameinuðu stórstúku, og var sú bók að lokum gefin út árið 1815. Þá má segja að ensku frímúrarastarfseminni hafi ekki lengur verið neitt að vanbúnaði um að varðveita og iðka þá siði sem „frá ómunatíð“ höfðu tíðkast.

Jóhann Heiðar Jóhannsson



Frímúrararafundur og söfn í París

Kristján H. Kristjánsson er víðförull og nýtir flest tækifæri sem hann hefur á erlendri grundu að heimsækja þarlandar Frímúrarastúkur og söfn á þeirra vegum. Sl. vetur var Kristján í París og notaði tækifærið til að kynna frímúrarastarfi þar. Frásögn hans fer hér á eftir.

Vegna þess að það eru margar stórstúkur og frímúrarakerfi í Frakklandi mun ég fyrst fjalla stuttlega um það sem ég tel að skipti mestu máli fyrir okkur, einkum söguleg tengsl við sænska kerfið og einnig til þess að reyna að koma í veg fyrir að bræður villist inn á rangan fund. Upphaf frímúrarastarfs í Svíþjóð var að Svíinn Axel Ericson Wrede-Sparre (1708-1772) greifi gerðist frímúrarari í París 1731. Hann stofnaði síðan fyrstu frí-

múrarastúkuna í Svíþjóð 1735, sem hlaut nafnið Greve Wrede Sparres logo. Carl Fredrik Scheffer (1715-1786) greifi, gerðist einnig frímúrarari í Frakklandi og stofnaði aðra stúku samkvæmt starfsleyfi frá Charles Radclyffe (1693-1746), jarlinum af Derwentwater, sem var þá Stórmeistari í Frakklandi. Hann lét Carl einnig fá afrit af Grundvallarskipun Andersons á frönsku, en upprunalega útgáfan er varðveitt í landsbókasafni Frakklands. Þessi útgáfa er undirrituð af Charles, sem var ákafur kaþólskur Jakobíti, en Jakobítar höfðu það markmið að Stuart-ættin öðlaðist aftur konungsvald yfir Skotlandi. Carl varð síðan Stórmeistari í Svíþjóð og kom á kröfu um kristni til þess að verða frímúrarari. Þetta er talið hafa leitt til sænska kerfisins, en faðir þess var

Karl Fredrik Eckleff. Seinna varð breyting á kerfinu, m.a. vegna áhrifa frá Strikten Observanz í Þýskalandi.

Frímúrarastarf í Frakklandi hófst áður en Grand Lodge de France var stofnað 1738 og var starfið endurskipulagt 1773 og nafninu breytt í Grand Orient de France, sem er núna elsta og fjölmennasta stórstúka í Frakklandi. Árið 1877 ákvað stórstúkan m.a. að fella úr gildi ákvæði um Guð í Grundvallarlögunum, sem leiddi til þess að enska Stórstúkan sleit tengslin við hana. Sumir bræður voru ósáttir við þessa breytingu, sem leiddi til þess þeir stofnuðu nýja stórstúku með gamla nafninu og er hún ennþá starfandi. Árið 1913 stofnuðu bræður í stúkunum „Le Centre des Amis“ og „Loge Anglaise 204“ stórstúku, sem hlaut nafnið: „Grande Loge Indépend-

ante et Régulière pour la France et les Colonies Françaises“, sem hlaut strax viðurkenningu ensku Stórstúkunnar. Árið 1948 var nafninu breytt í Grande Loge Nationale Française. Margir breskir og bandarískir hermenn gengu í hana, en þeir voru í Frakklandi vegna beggja heimsstyrjalda og síðar Atlantshafsbandalagsins; NATO. Sumir fengu að stofna stúku með leyfi Stórstúkunnar. Sem dæmi var nefnd sem annaðist útför um sjö hundruð þúsund hermanna frá Breska samveldinu, sem létust í fyrri heimsstyrjöldina í Norður-Frakklandi, og óskaði eftir að fá að stofna sérstaka stúku og gaf Stórstúkan leyfi til þess. Einn af stofndunum var Rudyard Kipling (1865-1936), sem var fyrsti breski rithöfundurinn sem fékk bókmenntaverðlaun Nóbels. Hann gaf stúkunni nafnið: „The Builders of the Silent Cities Lodge No.12“ og kjörorðið: „Their names shall live forever“. Stórstúkan hefur einnig stofnað stúkur og aðstoðað við stofnun stórstúkna í ýmsum löndum, m.a. Íran, Spáni og nokkrum Afríkukjómum. Það er athyglisvert að hjá Stórstúkunni er hægt að taka fyrstu þrjú stigin í mörgum kerfum, sem heita á ensku: The Rectified Scottish Rite, The Emulation Rite, The Ancient and Accepted Scottish Rite, The French Rite, The York Rite og The Standard Scottish Rite. Hærri stig eru tekin í ýmsum sjálfstæðum Reglum. Áður en farið er á fund er nauðsynlegt að kanna fyrst hvort maður hafi heimild til þess.

Alvarlegar deilur urðu innan Stórstúkunnar, sem leiddu m.a. til þess að skipaður var opinber tilsjónarmaður með starfi og fjármálum. Hún missti þar með sjálfstæði sitt og réð ekki lengur eigin málefnum. Því var fallið brott aðalskilyrði þess að hægt sé að viðurkenna Stórstúku eins og fram kemur í Grundvallarlögum okkar og flestra annarra Reglna. Á fundi Stórmeistara þeirra Reglna, sem starfa eftir sænska kerfinu, var þess vegna samþykkt 2012 að draga til baka viðurkenningu á Grande Loge Nationale Française. Það hafði meðal annars í för með sér að gagnkvæmur heimsóknaréttur var afduminn. Mjög jákvæðar breytingar urðu eftir að Jean-Pierre Servel var valinn Stórmeistari og er núna búinn að viðurkenna hana aftur og þar með heimsóknaréttinn. Hann hóf ítarlegt samráð við alla bræður um endurbæt-



ur á reglum Stórstúkunnar. Hámarks embættistími Stórmeistara var stytur í þrjú ár, sem hægt er að endurnýja aðeins einu sinni. Hann stofnaði öldungaráð, sem er algjörlega óháð Stórmeistararnum og jók þátttöku bræðra og stúkna við ákvörðunartökur. Hann hefur einnig lagt áherslu á alþjóðsamstarf.

Ég heimsótti safn Grande Loge Nationale Française, sem er í höfuðstöðvunum að 12 Rue Christine de Pisan og var tekið í notkun 1993. Arkitektinn Julian Penven er frímúrari og byggði hönnunina m.a. á gullinsniði. Ég sá þarna auglýsingu um hátíð vegna 30 ára afmælis stúkunnar Equinoxe 427 (The Ancient and Accepted Scottish Rite) og heimsótti hana. Bræður tóku mjög vel á móti mér og fór ég fyrst á fyrstu gráðu fund. Ég get auðvitað ekki fjallað um hann hér, en hann veitti mér nýjan skilning á slíkum fundum. Síðan fór ég

í afmælishátíðina og gaf Stórmeistarinn Jean-Philippe Bondin mér minnispening, sem var sleginn í tilefni af 30 ára afmæli stúkunnar. Skammt frá höfuðstöðvunum er frímúraraverslunin SCRIBE, sem er opin fyrir almennung og var stofnuð af Stórstúkunni 1993.

Í höfuðstöðvum Grand Orient de France er ágætt safn, en þar var hægt að sjá marga athyglisverða gripi.

Pierre Mollier, forstjóri safnsins, var einnig einn af sýningarstjórum tímbundinnar sýningar hjá landsbókasafni Frakka um frímúrara, sem ég skoðaði. Mér fannst athyglisvert hve góð heildarmynd var á frímúrarastarfi á þeirri sýningu þótt margar og ólíkar Stórstúkur lánuðu muni, þ.e. Grande Loge Nationale Française, Grand Orient de France, Fédération Française du Droit Humain, Grande loge de France og Grande Loge féminine de France. Þarna voru sýndir um



450 munir, sem sumir hafa aldrei verið á sýningu áður.

Þarna voru mjög fágætir munir, t.d. önnur reglugerð Schaws frá 1599, sem skoska Stórstúkan lánaði. William Schaw hafði yfirumsjón með byggingum James VI Skotlandskonungs.

Reglugerðin var send til allra þekkra stúkna steinhöggvara og múrara í Skotlandi og fjallar m.a. um samskipti steinhöggvara, meistara og nemenda. Margt í reglunum minnir á frímúrara-starf í dag. Einnig var þarna elsta frímúrarárit í Frakklandi, sem lögregla

Loðvíks XV Frakklandskonungs lagði hald á, en hann var konungur 1715-1774.

Sýningin leggur m.a. áherslu á hvernig frímúrarar beittu sér fyrir ýmsum umbótum, m.a. lögum um prentfrelsi, félagafrelsi, veraldarhyggju, skyldunám og félagslega vernd. Þarna var fjallað um hina frægu Les Neuf Sœurs stúku þar sem Benjamín Franklín (1706-1790) var Stólmeistari og var í Grand Orient de France. Í stúkunni var einnig franskirithöfundurinn og heimspekingurinn Voltaire (1694-1778). Benjamín fór seinna til Bandaríkjanna til þess að taka þátt í ritun stjórnskrárinna.

Þótt franska byltingin væri að sjálfsögðu ekki samsæri frímúrara eins og sumir hafa haldið fram, þá tóku margir frímúrarar þátt í henni og hugmyndir, sem höfðu verið ræddar í stúkum, höfðu áhrif á hana. Kjörorð byltingarinnar og Grand Orient de France eru hin sömu, þ.e. „Frelsi, Jafnrétti, Bræðralag“. Hér má einnig geta þess að Claude Joseph Rouget de Lisle (1760-1836), sem samdi þjóðsöng Frakka, „La Marseillaise“ (byltingunni, var frímúrari.

Fjallað var um hinn franska myndhöggvara Frédéric Auguste Bartholdi, sem hannaði frelssistyttna í New York og var frímúrari í L'Alsace-Lorraine stúkunni hjá Grand Orient de France.

Leitast var við í sýningunni að vinna gegn ranghugmyndum sem sumir hafa um reglustarfið og sýnt hvernig frímúrara-starf hefur stundum vakið tortryggni og andúð yfirvalda og trúfélaga, m.a. nasista, kommúnista og kaþólikka. Auk veggspjalda var sýnt úr frönsku kvikmyndinni „Forces occultes“, sem var frumsýnd 1943. Einnig var sýnt hvernig fjallað er um frímúrara m.a. í skáldsögum og teiknimyndasögum.

Þessar frímúrarasýningar gáfu mér ekki aðeins innsýn í frímúrara-starf heldur einnig í sögu, menningu, listir, siði og trúarbrögð Frakka. Þrátt fyrir mikla fjölbreytni í frímúrara-starfi eftir löndum og stundum innan þeirra eins og í Frakklandi, þá virðist það allstaðar hafa m.a. það markmið að bræður geti bætt sig með því að kynast sjálfum sér.

Kristján H. Kristjánsson



Bræður á leið upp í Ystadal. Þór og Hælavíkurbjarg í baksýn.

Ljósmyndari: Ari Hólmsteinsson

Frímúrarar á Hornbjargi

Frímúrarastarf á Íslandi á að nokkru að rekja uppruna sinn í umdæmi stúkunnar Njálu á Ísafirði, ef miðað er við þekktar heimildir. Heimildir um starf frímúrarara er meðal annars að finna í 25 ára afmælisriti St. Jóh.st. Eddu, þar sem vitnað er í þýskan bróður að nafni Dr. C. Paul frá Oldenburg. Hann greinir frá því að árið 1900 hafi hann heimsótt hvalfangarann á Hesteyri, Marcus Bull. Segir hann að á Jónsmessunni það ár hafi komið saman sex norskir frímúrarar til „...að halda hátíðlega hina mestu hátíð Reglunnar, Jónsmessuna.“

Fundurinn 1902

Árið 1902 komu svo saman á Hornbjargi nokkrir erlendir bræður, fjórir Norðmenn og tveir Þjóðverjar. Höfðu þeir lagt upp frá Hesteyri, þar sem einn þeirra rak hvalstöð og hafði reyndar jafnframt reist kirkju og gefið söfnuðinum. Annar þeirra rak hvalstöð í Dýrafirði og var einn fremstu manna í að reisa nýja kirkju að Mýrum

í Dýrafirði. Allir störfuðu þessir menn með einum eða öðrum hætti í tengslum við hvalveiðar á Vestfjörðum, samt með svo ólíka menntun að þarna voru m.a. stýrimaður, efnafræðingur og læknir, auk þess að vera forstjóri og framkvæmdastjóri. Þeir störfuðu einnig við hvalveiðar annars staðar á Íslandi og í Evrópu. Á þessum afskekktu stað, norður við heimskautsbaug, héldu þeir Jónsmessuhátíð að hætti frímúrarara og fór þarna fram fyrsti frímúrarafundur á Íslandi sem þekkt heimild er til um.

Fundarmenn voru norðmennirnir Marcus Christian Bull, Carl Frederik Elligers Herlofsen, Hermann Andreas Krabbe og Lauritz Jacob Berg, ásamt Þjóðverjanum fyrrnefnda Carl Maria Johannes Cornelius Paul og óþekktum Þjóðverja sem að öllum líkindum bar eftirnafnið Warburg. Þessi ferð þeirra kom svo til vitundar hérlendra frímúrarara þegar Dr. Paul greindi frá Jónsmessuhátíðinni á fundi í Eddu þann 23. maí 1925, þar sem hann var

gestur. Frásagnir af þessum fundi hafa síðan haft yfir sér þann ævintýraljóma að mörgum bræðrum er hann hugstæður, ekki síst okkur bræðrunum í Njálu sem búum hér við fótiskör vettvangsins.

Glímt við Horn

Ystidalur, fundarstaður okkar á Horni, liggur nyrst í Hornvík og er allur í yfir 200 metra hæð yfir sjávarmáli. Dalurinn opnast út í Hornvíkina til vesturs en er umlukinn hinu eiginlega Horni til norðurs, bjargbrúnum Hornbjargs til austurs og Miðfelli til suðurs. Utan við bjargbrúnirnar sem umlykja Ystadal tekur svo ekkert við nema víðáttur Grænlandssunds. Þó ekki væri nema vegna hins ævintýralega umhverfis og kyngimagnaðrar náttúru- fegurðar hlaut að koma að því að íslenskir frímúrarar héldu á bjargið mikla, til að minnst þessa merka atburðar og auðvitað engum nær að standa fyrir því en Njálubræðrum.

Undir stjórn þáverandi Stm. Njálu,



Kampakátir bræður við Hornbæinn í Hornvík. Húsið er í eigu Njálubróðurins Arnórs Stígssonar.

Ljósmyndari: Gísli H. Halldórsson

Gunnars Jónssonar, gerðu Njálubræður sína fyrstu tilraun til að halda fund á bjarginu á Jónsmessunni 1992. Þrátt fyrir að tímasetningin sé á þeim árstíma þegar sólin er hvað hæst á lofti þá gerði svo slæmt veður þegar kom að brottför að engin leið var að komast frá Ísafirði í Hornvík á Jónsmessudag. Þeir Njálubræður, Snorri Hermannsson, Arnór Stígsson og Óli M. Lúðvíksson, höfðu farið sem undanfarar og urðu þeir veðurtepptir þar í nokkra daga – en undu hag sínum vel að sögn. Þess má jafnframt geta að bærin Horn er „ættaróðal“ Njálubróðurins Arnórs Stígssonar. Arnór bjó sem ungur maður á Horni, að öðrum ólöstuðum líklega færasti bjargmaður sem stundað hefur Hornbjarg, en hann flutti þaðan árið 1946.

Á elleftu stundu

Önnur tilraun var gerð tveim árum síðar, eða 24. júní 1994, og hún tókst! Fundinn sóttu 23 Njálubræður auk 5 bræðra úr stúkunum Eddu, Gimli og Röðli. Hryssingslegt veður var, en ferðin var álitin einstaklega vel heppnuð af öllum þátttakendum. Farið var með „Fagranesinu,“ frá Ísafirði en það skip var í mjólkur- og fragtsiglingum milli fjarðanna á norðanverðum Vestfjörðum yfir veturinn og sinni ferjuflutningum við Djúp og norður á Strandir á sumrin. Sigling með Fagranesinu tók sinn tíma enda komið við á þrem stöðum á leiðinni, þannig að ekki var komið í Hornvík fyrr en á ellefta



Halldór Karl Valsson með spjótin á pönnunni.

Ljósmyndari: Ari Hólmsteinnsson



Arnór Stígsson frá Hornvík ásamt Gunnari Hallssyni, Stólmeistara Njálu.

Ljósmyndari: Ari Hólmsteinnsson

Ísafjörður

tímanum um kvöldið.

Engin er bryggjan í Hornvík og því þarf að ferja menn, búnað og vistir í land. Landtaka er yfirleitt við bæinn Horn, þar sem bræðurnir neyttu saman léttrar máltíðar áður gengið var þaðan út á Ystadal, hvar fundurinn var haldinn. Öll nauðsynleg fundargögn voru auðvitað með í för, svo sem hljóðfæri söngstjórans br. Samúels Einarssonar. Br. Gunnar Jónsson þáverandi Stm. Njálu, stjórnaði fundinum á bjarginu, en v.Rm. Njálu, br. Einar Jónatansson flutti erindi og bræður sungu nokkra sálma. Veður var, eins og áður sagði, hryssingslegt en þarna í Ystadal gekk á með hálfgerðum slydduéljum.

Að loknum fundi fóru nokkrir bræðrana á brún Hornbjargs en síðan var gengið niður að Horni og þaðan var ferjað aftur út í Fagranesið. Í frásögn af ferðinni í 50 ára afmælisriti Njálu segir að þar hafi bræðurnir sest „...að snæðingi, nema þeir sem eitthvað fundu til sjóveiki, og snætt hangikjöt með tilheyrandi. Á heimleiðinni var komið við á Sæbóli [í Aðalvík] og komið var til Ísafjarðar um kl. 05:30 um morguninn.“

100 ára afmælið

Þriðja ferð Njálubræðra á Hornbjarg var svo farin á 100 ára afmæli fundarins sem haldinn hafði verið árið 1902, af bræðrunum norsku og þýsku. Var ferðin sótt af 107 íslenskum bræðrum og farin í algeru blíðviðri og sól laugardaginn 22. júní 2002.

Slíkar ferðir verða ekki farnar nema með miklum og nákvæmum undirbúningi og vissulega naut nefndin 2002 þeirrar reynslu og þekkingar sem undirbúningsnefndir vegna ferðanna sumrin 1992 og 1994 höfðu aflað sér. Til gamans og fróðleiks verður getið örfárra atriða undirbúningsins hér. Undirbúningsnefndin að þessu sinni var undir stjórn br. Ingimars Halldórssonar, Sm. Njálu, og síðar br. Benedikts Kristjánssonar, E.Stv. Njálu. Þá var skipuð „Sérsvait bræðra“ til þess að æfa skyndihjálp og neyðar- aðstoð og var sú sveit undir stjórn br. Magnúsar Ólafs Hanssonar sem þjálfaði sérsveitina með kraftmiklum æfingum og námskeiði í skyndihjálp. Skipuleggja þurfti m.a. innkaup og flutning nauðsynlegra matvæla, drykkjarfanga, útvega tjald og fleira



Glatt á hjalla á leiðinni heim.

Ljósmyndari: Gísli H. Halldórsson



Steingrímur Þorgeirsson reiðubúinn í fjallið. Hornbærinn í baksýn.

Ljósmyndari: Gísli H. Halldórsson

og fleira. Ferðanefndin naut mikillar hjálpar og stuðnings við þetta starf hjá veitinga- og skemmtinefnd Njálu. Þá var ómetanlegt fyrir undirbúningshópinn að njóta aðstoðar br. Arnórs Stígssonar og ekki síður að fá að nýta sumarhús hans, bæinn Horn í Hornvík, fyrir ferðalanga.

Siglingin frá Ísafirði í Hornvík tók að þessu sinni um 3–4 klukkustundir. Farið var á þrem ferðaþjónustubátum. Fyrsti hópurinn fór af stað klukkan 10 að morgni laugardagsins 22. júní. Verkefni hans var koma fyrir landgöngubjálkum, að koma vistum í land, setja upp tjald og afmarka stúkusalinn þar sem fundinn skyldi halda – í Ystadal uppi á bjarginu.

Sigt var út Ísafjarðardjúp, hjá

Jökulfjörðum, fyrir Rit, utan Aðalvíkur, fyrir Straumnes og Straumnesvita. Þá fram hjá Rekavík og Fljótavík. Fyrir Kögur og fram hjá Hlöðuvík og Hælavík. Að lokum siglt meðfram Hælavíkurbjargi og að þverhníptum Súlnastapa, sem er þakinn svartfugli. Dýpi við stapann skiptir tugum metra og má sjá svartfuglinn kafa eftir fæðunni í tærum sjónum. Eftir áningu við Súlnastapa var siglt þvert yfir Hornvíkina að bænum Horni.

Undir bláhimni

Stúkufundurinn hófst á bjarginu klukkan níu um kvöldið, í sól og algjöru logni. Þáverandi Stm. Njálu, br. Ágúst Gíslason, stjórnaði fundi. Eins og einni öld fyrr var „Himinn, haf og hauður

þeirra stúkusalur.” Embættismenn Njálu voru allir á sínum „réttu” stöðum og kallað var inn í stúkuna samkvæmt hefð. Fundurinn fór síðan fram, í einu og öllu, eins og ritúal Reglunnar gerir ráð fyrir.

Allt um kring var lágfótan gaggandi meðan á fundinum stóð. Fugla-mergöin í bjarginu var í nokkurri fjarlægð, en þó barst ómur af fuglakvakinu til fundarstaðarins. Þetta var ógleymanleg upplifun. Fjöldi bræðra gekk að fundi loknum upp á bjargbrúnina ofan við fundarstaðinn og þar var sólin auðvitað sjáanleg ofan hafflatarins og upplýsti dýrð bjargsins í sinni stórfenglegustu mynd. Ferð bræðranna til baka, var léttstíg og minningin um þátttöku í þessum einstaklega vel heppnaða stúkufundi var orðin grópuð í hafsjó minninganna, og þar án efa í forgangshópi þeirra. Minningin og ekki síður vissan um bróður máltíðina á bænum Horni var líka þáttur í því að gera bræðrunum gönguna léttari til baka.

Norðmenn slást í för að Horni 2012

Fregnir af þessum ferðum og fundum okkar Njálubræðra bárust til Noregs og leiddi það meðal annars til þess að norskir bræður settu sig í samband við íslenska frímúrarabræður sem vatt svo lítið eitt upp á sig. Samskiptin urðu loks til þess að Norðmenn óskuðu eftir því að fá að taka þátt í næstu ferð Njálubræðra á Hornbjarg og varð það úr.

Fimmta ferðin, 110 ára afmælið, var farin laugardaginn 23. júní 2012. Í henni tóku þátt bræður úr 20 frímúrarastúkum, þar af 9 bræður frá 6 norskum stúkum. Komum við saman á Horni, undir sömu sól og í sama tilgangi, eitt hundrað og tíu árum eftir fyrsta fundinn og heiðruðum almættið, náttúruna, land vort, Regluna, stúkuna og hina horfnu erlendu bæður okkar. Jafnframt gafst ánægjulegt tækifæri til að rækta samband okkar, norskra og íslenskra bræðra.

Ferð okkar bræðranna á fundarstaðinn í Ystadal á Horni hófst um klukkan 10, laugardagsmorguninn 23. júní, þegar bræður og makar þeirra fóru að tínast saman í húsnæði St. Jóh. stúkunnar Njálu. Þar bar fólk saman bækur sínar og kaffi var teygjað að íslenskum sið. Húsnæði okkar Njálubræðra stendur við Ísafjarðarhöfn og

fljótlega eftir að makarnir höfðu lagt upp í sína ferð gengum við bræðurnir til skips. Tveir bátar, í eigu Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar, fluttu okkur yfir í Hornvík. Brottför var klukkan 12:00 og gott var í sjóinn.

Systurnar

Eiginkonurnar skipa ávallt virðingarsess í hugum frímúrarabræðra. Það var því mikið lagt upp úr því að þeim stæði til boða áhugaverð dagskrá á meðan bræðurnir héldu á Hornbjarg, enda margir bræður sem komu til Ísafjarðar með mökum sínum. Því var skipulögð sérstök makaferð sem farin var þennan sama dag. Fór einn hinna norsku bræðra með í þá ferð, ásamt nokkrum Njálubræðrum. Hófst makaferðin á skoðunarferð um Ísafjörð undir leiðsögn sagnfræðingsins Sigurðar Péturssonar sem leiddi hópinn um hin gömlu og litríku hverfi Ísafjarðar. Að loknum hádegisverði í Tjöruhúsinu hélt makahópurinn svo í ferð um sveitarfélagið, um Önundarfjörð, Dýrafjörð og Arnarfjörð. Lá leiðin um Flateyri, Holt, Skruð, Hrafnseyri, Þingeyri og lauk svo með veislu á Núpi í Dýrafirði.

Í Hornvík aftur og enn

Úr fjörunni er stutt brekka upp í Hornbæinn og þar tók á móti okkur Arnór Stígsson. Arnór treysti sér þó ekki upp að fundarstaðnum að þessu sinni og beið okkar niður við Hornbæinn. Undanfararnir höfðu þá þegar reist mikið samkomutjald þarna við bæinn, til þess að tryggja að veður setti ekki strik í reikninginn við bróður máltíðina. Í tjaldinu voru samlokur afgreiddar ásamt hressandi drykk.

Þegar bræðurnir höfðu matast var lagt af stað upp í Ystadal. Skiptum við okkur í hópa sem fyrr og lögðum í brekkurnar með stuttu millibili. Gönguleiðin sjálf er ekki brött en liggur um talsverða brekku þar sem stundum er lausagrjót, því er nauðsynlegt að hafa augun hjá sér. Gangan gekk greiðlega, þó af og til væri staldrað við til að taka lagið eða hlýða á frásagnir af því sjónarspili sem við okkur blasti. Undanfarar höfðu farið snemma morguns og undirbúið fundarstaðinn. Mættum við þeim á niðurleið en þeir skutust svo upp aftur til fundarins þegar þeir höfðu nestað sig niðri við Hornbæinn.

Kallað til fundar

Fundurinn var settur klukkan 18:00. Á fundinn voru mættir 106 bræður og voru Valur Valsson SMR og Kristján Þórðarson IVR þeirra á meðal.

Óhætt er að segja að stúkunnari hafi verið hagað eins og vera bar. Svo bar nefnilega til að hið glæsilega varðskip Íslendinga, Þór, var á Hornvíkinni á sama tíma. Betur er varla hægt að varða en með því glæsilega varðskipi. Fundargestir settust í grasið og öll umgjörð var látlaus og einföld. Klæðnaður var hefðbundinn útivistarklæðnaður og áhöldin í hugum okkar. Fundurinn var með hátíðlegum blæ og vöktu Stm. og v.Rm. Njálu, Gísli H. Halldórsson, bræðurna til umhugsunar með orðum sínum. SMR Valur Valsson tók til máls eftir erindi v.Rm. og ræddi um stærstu stúku á Íslandi, sjálft Hornbjargið. Hann ávarpaði svo norska bræður og flutti loks þakkir til Njálubræðra að hefðbundnum sið. Bróðir Tor Løken tók svo til máls og sagði okkur frá því að þrír hinna norsku bæðra sem hittust á Horni 1902 hefðu verið í elstu St. Jóh.st. Noregs, St. Olaus til den hvide Leopard, sem einnig ætti fulltrúa þarna að þessu sinni. Virðulegur fundurinn var þó einnig með léttu yfirbragði, því náttúran faðmaði okkur að sér í dalnum og tófan lét sig ekki vanta frekar en áður því að á meðan á fundinum stóð léku 3-4 tófur listir sínar og hlupu um brúnir bjargsins, bræðrunum sem þær sáu til ómældrar ánægju.

Fundarlok

Þegar niður var komið var slegið á léttu strengi og spjallað á meðan beiði var eftir máltíðinni, þriggja rétta veislu skammt ofan við Hornbæinn. Ekki reyndist mikil þörf fyrir samkomutjaldið því veður var ákaflega milt þetta kvöld.

Heimferðin um nóttina sóttist vel og var magnað að sjá hafflötinn alla leiðina frá Hornbjargi til Ísafjarðar sléttan eins og spegil. Sambandið sem komst á með þessum hætti við bræður okkar í Noregi er skemmtilegt og áhugavert og mikill áhugi er meðal bræðra í Njálu að kanna leiðir til að rækta það enn frekar með samskiptum og ferðalögum.

*Eiríkur Finnur Greipsson
Gísli Halldór Halldórsson*



Njálubræður 1945. Aftast: Arne Sörensen úrsmiður, Kristján Tryggvason klæðskeram., Helgi Ketilsson íshússtjóri, Einar Guðfinnsson, útgerðarm., Ragnar Bárðarson byggingarm., Finnbjörn Finnbjörnsson málaram., M. Simson ljósmyndari. Miðröð: Elías Kærnsted skósmíðam., Friðrik Jónsson kennari, Einar Guðmundsson klæðskeram., Jóhann Einarsson kennari, Halldór Gunnarsson hafnsögumaður, Guðmundur Pétursson kaupm., Matthías Sveinsson kaupm. Fremsta röð: Séra Þorsteinn Jóhannesson, séra Páll Sigurðsson, Sigurður Dahlmann símastjóri, séra Sigurgeir Sigurðsson biskup, Tryggvi Jóakimsson kaupm., Árni Ólafsson trésmíðam.

Stiklað á stóru í 90 ára sögu Njálu

St. Jóh. st. Njála fagnaði 60 ára afmæli sínu árið 2013. Sagan er þó lengri því árið 1925 var stofnuð fræðslustúka á Ísafirði, síðar Njála. Sagan er jafnvel lengri en þetta. Kannski hófst hún árið 1921 þegar Tryggvi Jóakimsson fluttist til Ísafjarðar frá New York, þar sem hann varð frímúrari 1917. Kannski 21. desember 1920, þegar Magnús Scheving Thorsteinsson, bankaútibússtjóri á Ísafirði, gekk í stúkuna Eddu í Reykjavík. Kannski er við hæfi að láta söguna hefjast árið 1923, þegar Sigurgeir Sigurðsson gerðist frímúrari. Árið 1923 bættist hann í hóp frímúrara á Ísafirði, þessi maður sem varð mikil driffjöldur í starfinu. Mörgum árum síðar, í janúar 1939, kallaði Tryggvi Jóakimsson Sigurgeir föður stúkunnar við það tilefni að hann var að kveðja stúkuna, nýkjörinn biskup yfir Íslandi. Sigurgeir var forseti Njálu frá 1925 til ársins 1950. Á því tímabili varð hann bæði biskup og stólmeistari St. Jóh.st. nr. 1 Eddu. Á fyrstu árum þriðja áratugarins á nítj-

ánda öldinni var alltént mikið í deiglunni sem leiddi til stofnunar fræðslustúkunnar Njálu árið 1925.

Umgjörð Njálu

Fyrstu árin var stúkan í íbúðarhúsi br. Tryggva Jóakimssonar að Aðalstræti 24. Húsið stóð reyndar spölkorn frá Aðalstræti eins og það er í dag og hefur nú fyrir löngu verið rifð. Njála flutti þaðan árið 1933 í hús br. Helga Guðbjartssonar, kaupmanns og bíostjóra. Árið 1935 var svo vígt nýtt heimili Njálu í húsi klæðskeranna br. Einars Guðmundssonar og br. Kristjáns Tryggvasonar. Þar var stúkan til ársins 1944 en fluttist þá aftur í hús Tryggva Jóakimssonar.

Tryggvi komst í hann krappan í stríðinu, því að aðfaranótt 8. júní 1941 voru hann og eiginkona hans, Margarethe Häsler, handtekin af breskum hermönnum og þau flutt með skipi til Englands ásamt fleira fólki. Tryggvi var þá forseti fræðslustúkunnar. Var handtaka hans gersamlega að tilefn-

islausu, sem síðar kom í ljós. Tryggvi kom aftur heim í ágúst sama ár, en hafnaði þá með öllu að taka aftur titil forseta og var það því hlutverk Sigurgeirs biskups til 1950.

Þann 23. júlí 1951 var stofnuð sjálfstæð Íslensk Frímúrararegla í Reykjavík og hætti Reglan þar með að vera undir verndarvæng þeirrar dönsku. Tveimur árum síðar var Njála svo komin með alla neðri hæð húss Tryggva að Aðalstræti 24. Í því húsnæði var haldinn stofnfundur St. Jóh.st. Njálu nr. 4 þann 22. ágúst 1953. Þarna starfaði stúkan til ársins 1958.

Bræðurnir þurftu rýmra húsnæði en þetta. Eftir allmarga fundi og viðræður við ráðamenn Landsbankans á Ísafirði árið 1958, var ákveðið að ganga frá samningi um leigu húsnæðis á ris-hæð í nýbyggðu húsi Landsbankans. Samningurinn þótti hagstæður og var til tuttugu ára. Vígsla húsnæðisins fór fram 11. október 1958. Í þessu húsnæði var stúkan í yfir aldarfjórðung.

Strax árið 1972 voru bræðurnir

farnir að huga að framtíðarhúsnæði, enda þá aðeins nokkur ár eftir af samningnum við Landsbankann. Ýmislegt var skoðað í þeim efnum, en á fundi húsnæðisnefndar þann 6. júlí 1978 kom br. Guðmundur Guðmundsson með teikningu af nýju húsi sem fyrirhugað var að byggja við Kristjánsgötu, á vegum Olúsamlags útvegsmanna. Þarna var komin hugmyndin að núverandi húsnæði Njálu í Hafnarhúsinu á Ísafirði. Það varð úr að fjárfesta í þessari eign. Margir bræður voru mjög rausnarlegir þegar kom að því að fullgera húsnæðið. Margir lögðu fram mikla vinnu. Sumir lögðu fram bæði efni, vinnu og peninga. Ný salarkynni Njálu voru svo vígð á Jónsmessufundi árið 1985.

Ferðalög

Frá fyrstu tíð gerðu Njálubræður sér dagamun og fóru t.d. skemmtiferðir með systur inn í Tungudal. Fjölskylduferðir hafa verið farnar og í dag tíðkast golfmót frímúrara víða um land. Verulegt samband var við stúkuna Eddu eftir að Njálu varð sjálfstæð, enda margir í Njálu þá fyrrum Eddubræður.

Sterkustu bönd Njálubræðra í dag hljóta að teljast vera við St. Andrésarstúkuna Huld á Akureyri og Stúartstúkuna þar. Þangað fara Njálubræður reglulega í fundarferðir og hafa haft mikla ánægju af. Fyrir þessu eru sérstakar ástæður og eru flestir Njálubræður einnig meðlimir í Huld.

Um tíma var haldið uppi gagnkvæmum heimsóknum bræðra og systra við St. Jóh.st. Akur á Akranesi. Slík vinamót voru a.m.k. sex og haldin á Akranesi, á Ísafirði, í Bjarkalundi og í Stykkishólmi. Áttu heimsóknirnar sér stað á árunum 1967-1987. Komu þar við sögu meðal annars ferjurnar Fagranes og Akraborg, enda vegsamgöngur með öðrum hætti en nú er.

Hornbjargsferðir Njálu hófust árið 1992 í minningu fyrsta frímúrarafundar á Íslandi (1902) sem sögur fara af og hafa í meginráttum verið farnar á 10 ára fresti. Njálubræður eru mjög stoltir af þessari arfleifð sem þeir líta á sem sameiginlega arfleifð með öðrum stúkum landsins og auðvitað Frímúrarareglunni á Íslandi.

Sönglistin

Ólafur Kristjánsson, fyrrum bæj-



St. Jóh. salurinn á Ísafirði.



Húsnæði St. Jóh.stúkunnar Njálu á Ísafirði.

arstjóri í Bolungarvík, gekk í Njálu árið 1965. Á þeim tíma stýrði söngnum Aðalbjörn Tryggvason bakaramestari, með hjálp Gísla Kristjánssonar sundhallarforstjóra. Hafði Aðalbjörn tekið við af Helga Ketilssyni í Odda, íshússtjóra. „Helgi var róttækur kommúnisti en jafnframt atvinnurekandi, félagshyggjumaður og frímúrari. „Já, elskið mitt“, sagði Helgi Ketils gjarnan við Láru konu sína. Og þegar hún bað hann að rukka fátæklinga sem hann hafði lánað og þau orðin nær þingalaus sjálf, þá lét hann til leiðast og rukkaði að henni ásjáandi og svo borgaði hann þeim til baka þegar lítið bar á og sagði: „Þú borgar þetta bara seinna!““

Óli málari (Kristjánsson) var þó fljótlega settur sem söngstjóri og gegndi þeirri stöðu í fjöldamörg ár eða þar til Samúel Einarsson rakari tók við árið 1996. Sammi hefur verið söngstjóri síðan og því augljóst að ekki er skipt um söngstjóra nema að mjög vel athuguðu máli. Óli hefur markað spor

sín með varanlegum hætti í starf Njálu með því að einkennislag stúkunnar er samið af honum, við texta séra Hjálmar Jónssonar, fyrrum alþingismanns.

Óli segir að Njálubræður hafi ávallt verið mjög söngelskir og tekið vel undir almennan söng. Til dæmis hafi fjöregum systrakvöldum iðulega lokið á raddmiklum söng systra og bræðra við samkomuslit, þegar nokkuð var liðið á nóttu. Þeim söng var jafnan fram haldið á heimleið í rútunni.

Stólmeistarar Njálu

Áður hefur verið minnst á forseta fræðslustúkunnar Njálu, þá Sigurgeir Sigurðsson og Tryggva Jóakimsson. Báru þeir starfið á herðum sér um langan tíma og fylgdu þannig úr hlaði barninu sínu Njálu. Þriðji og síðasti forseti Njálu var Sigurður Dahlman, frá 1950-1953.

Þorsteinn Jóhannesson, prófastur í Vatnsfirði við Djúp, var fyrsti Stólmeistari Njálu, frá 22. ágúst 1953 til 22. ágúst 1956. Hann var prófastur í

Ísafjörður

Vatnsfirði til ársins 1955 og fluttist til Reykjavíkur að loknum störfum sínum hér. Þar lifði hann til 103 ára aldurs. Þorsteinn var Njálubröðir nr. 1 og kom hinni formlegu stúku af stokkunum.

Kristján Tryggvason, klæðskera-meistari á Ísafirði, tók við embætti Stólmeistara af Þorsteini og gegndi því til ársins 1975. Rak hann ásamt br. Einari Guðmundssyni fyrirtækið Einar og Kristján klæðskerar, en þeir hýstu einmitt fræðslustúkuna um tíma frá 1935. Í embættistíð Kristjáns flutti stúkan í Landsbankahúsið og hóf áralöng samskipti sín við stúkuna Akur og þau ferðalög sem af því hlutust.

Þriðji Stólmeistari Njálu, frá 1975-1976, var séra Jón Ólafsson, prófastur í Holti. Jón var prófastur V.-Ísafjarðarsýslu 1941-1963. Jón fluttist til Ísafjarðar 1963 og starfaði í Útvegsbanka Íslands til 1969.

Jóhann T. Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga um 23ja ára skeið, tók við embætti Stólmeistara árið 1976 og sinnti því farsælega í 11 ár, til 12. október 1987. Hann hélt því um taumana í Njálu þegar stúkan komst í sitt núverandi húsnæði.

Gunnar H. Jónsson í Brunabót og síðar VÍS tók við embættinu af Jóhanni 12. október 1987 og sinnti því til 4. mars 1995. Voru þeir miklir vinir og nágrannar, Gunnar og Jóhann, og byggðu saman hús sín tvö, hlið við hlið í Sætúni. Fyrstu Hornbjargsferðir Njálu voru farnar í tíð Gunnars.

Kristján Haraldsson Orkubússtjóri gegndi embætti Stólmeistara frá 4. mars 1995 til 8. apríl 2002. Kristján tók upp þá venju að Njálubræður tækju þátt í einni messugjörd árlega á starfssvæði stúkunnar. Í hans tíð hófust einnig utanlandsferðir Njálu, en hugmyndina að þeim átti br. Úlfar Ágústsson.

Ágúst Gíslason, húsasmíðameistari og bóndi í Botni í Mjóafirði í áratug, tók við embættinu 8. apríl 2002 og gegndi því til 21. maí 2004. Á meðan Ágúst gegndi embættinu var farið í það mikla verk sem lauk með vígslu St. Andrésar fræðslustúkunnar Hörpu. Stúkan var vígð daginn eftir að Ágúst lét af embætti.

Eiríkur Finnur Greipsson tók við af Ágústi 2004. Var hann þá sparisjóðsstjóri hjá Sparisjóði Vestfirðinga en áður oddviti í Flateyrarhreppi og



Áð í Bjarkarlundi á leið í Stykkishólmi. Kristín Gissuraradóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir (aftar), Anna Hermannsdóttir, Valdis Veturlíðadóttir, Guðrún Þórðardóttir, María Gísladóttir (framar), Sigrún Stefánsdóttir, Björn Helgason, Ólafur M. Lúðvíksson, Steinþór Steinþórsson og Jóhann T. Bjarnason.



Óli Kristjáns söngstjóri (málari) að spila undir hjá Njálukórnum.

síðar oddviti í Ísafjarðarbæ. Stjórnaði Eiríkur stúkunnar farsælega í þau sjö ár sem hann var við stjórn enda fáir honum glaðlyndari og mælskari á mannamótum.

Gunnar Hallsson gegndi embætti Stólmeistara frá 15. mars 2011 til 23. apríl 2017. Í tíð Gunnars var m.a. haldið upp á 60 ára afmælið stúkunnar Njálu með veglegu afmælisriti og farin merkileg ferð á Hornbjarg á Jónsmessu með Stórmeistara Reglunnar og gestum frá Noregi. Gunnar er fæddur á Siglufirði og hefur um árabil starfað við íþróttamiðstöðina Árbæ í Bol-

ungarvík.

Alfreð Erlingsson hefur gegnt embætti Stólmeistara Njálu frá því að Gunnar Hallsson lét af störfum árið 2017. Alfreð fæddist í Reykjavík 27. ágúst 1956, sonur hjónanna Erlings Kalmann Alfreðssonar og Ingu Sigurjónsdóttur. Alfreð gekk í St. Jóh.stúkuna Njálu 1995 og hefur gegnt þar embættum V.S. frá 1996 til 1998, V.E.Stv. frá 1998 til 2002 og E.Stv. frá 2003 til 2008. Embætti Vm. hefur hann gegnt frá 2008 til 2015.

Gísli H. Halldórsson



Alfred Erlingsson.

Tónlistin veitir innri ró

Viðtal við Alfred Erlingsson, Stólmeistara St. Jóh.st. Njálu

St. Jóh.st. Njála var stofnuð 1953 og er stúka númer 4. Núverandi Stm. er Alfred Erlingsson en hann tók við embættinu þann 23. apríl 2016. Alfred er fæddur í Reykjavík 27 ágúst 1956, hann lauk Iðnskólaprófi frá Iðnskólanum í Reykjavík 1979 og sveinsprófi í pípuögnum sama ár. Alfred stundaði fjarnám í viðskiptafræði á stjórnunarbaut frá Háskólanum á Akureyri 2002 til útskriftar 2006.

Alfred gekk í St.Jóh. st. Njálu árið

1995 og hefur gegnt embættum V.S. V.E.Stv. og Vm. um árabil.

Áhugmálin eru m.a. stangveiði og tónlist. Alfred hefur spilað á píanó frá því að hann man eftir sér og leikið í nokkrum hljómsveitum. Hann telur að það að leika á hljóðfæri veiti manni innri ró.

Manstu hvar þú varst þegar þú varst spurður að því hvort þú hefðir áhuga á Frímúrarareglunni?

Já, ég man það mjög vel. Það var

eins og eitthvað hefði snert huga minn en auðvitað vissi ég ekkert um þennan félagsskap þá, bara að nokkrir menn sem ég þekkti væru þarna innanborðs. Að ganga í Frímúrararegluna er eitt það besta sem komið hefur fyrir mig á lífsgöngunni, fyrir utan fjölskyldu mína. Reglan er stórkostlegur félagskapur og kafi maður maður djúpt í fræði Reglunnar og leggi sig fram við að skilja skilaboð hennar þá mun maður uppskera ríkulega. Það sem er heill-



MAN OF TODAY
GERARD BUTLER FOR BOSS BOTTLED



BOSS
HUGO BOSS

#MANOFTODAY

Ísafjörður



Borðsalurinn á Ísafirði.

andi við Regluna er hvað hún er algjörlega án tilviljana, allt fyrirfram ákveðið og fastmótað, ég tel reyndar að það sé aðferðafræði sem mótar manninn frá upphafi.

Telur þú að frímúrarastarf á Vestfjörðum eflist með tilkomu Dýrafjarðarganga?

Já, ég tel það tvímælalaust. Nú þegar eru um 20 Njálubræður búsettir á suðurfjörðum Vestfjarða og þeir hafa mjög takmarkaðan aðgang að stúku sinni yfir háveturinn nema þeir aki nálægt 500 km leið og stundum enn lengra í vondri færð. Það gerist þó að bræðurnir leggi á sig þetta langa ferðalag á fundi og sýnir það einlægan áhuga þeirra til starfsins. Með tilkomu Dýrafjarðarganga mun þessi vegalengd verða u.þ.b. 150 km. Samgöngubótin mun því breyta miklu fyrir bræðurna á suðurfjörðunum og gera þeim kleift að sækja fundi mun oftast því að auðvelda þeim að taka þátt í embættum innan stúkunnar.

Hvert hafa bræður á Vestfjörðum leitað frömunar eftir að Jóhannesarstígunum lýkur?

Eins og flestum er kunnugt er nú komin fullgild Andrésarstúka á Ísafirði, stúkan Harpa. Áður en Harpa varð fullgild stúka fóru bræðurnir nánast undantekningarlaust til Akureyr-

ar til að hljóta frömun á Andrésarstigin sem og Stúartstigin. Það hefur verið einstaklega gott samband og samstarf á milli Njálu og stúknanna á Akureyri og erum við Njálubræður þeim bræðrum okkar á Akureyri ævinlega þakklátir fyrir góðar móttökur.

Hvernig telur þú að frímúrarastarf á Vestfjörðum muni þróast á komandi árum?

Ég tel að frímúrarastarf muni alltaf taka mið af þeim þjóðfélagaðstæðum sem við búum við á hverjum tíma, Reglan er og verður í samkeppni við síaukið framboð af alls kyns afþreyingu sem er í boði. Því er afar mikilvægt að bræður leggi sig fram um að kynna markmið og tilgang Reglunnar fyrir ókunnnum, með það að leiðarljósi að bæta nýjum hlekkjum í bræðrakeðjuna.

Telur þú að stúkur á landsbyggðinni hafi skapað sér einhverja sérstöðu innan Reglunnar?

Ég veit ekki hvort hægt sé að tala um sérstöðu þar sem allar stúkur lúta sömu grundvallarskipan, hins vegar mákannskisegja að einhver blæbrigðamunur sé á milli stúkna, þá á ég ekki bara við stúkur á landsbyggðinni heldur einnig í Reykjavík. Þetta er vandrataður vegur og sitt sýnist hverjum, en er það ekki þannig að við viljum

hafa hlutina í föstum skorðum og alltaf eins? Það veitir okkur ákveðið öryggi að geta alltaf gengið að starfinu vísu.

Hvaða leiðir sérð þú til að auka þátttöku bræðra enn frekar í stúku-starfinu?

Reglan hefur farið í gegnum mikla stefnumótunarvinnu og fengið ákveðnar niðurstöður út úr henni. Jafnframt var gerð könnun á meðal Njálubræðra, til að leita eftir svörum um hvernig mætti auka þátttöku bræðra í starfinu hér. Við fengum ákveðin svör sem reynt hefur verið að bregðast við. Ég tel þó að þetta hafi ekki skilað okkur þeim árangri sem við gerðum væntingar um. Í einhverjum tilfellum taka bræður sér frí frá störfum í óákveðinn tíma og það er illa hægt að ráða við. Við skulum hafa hugfast að þetta er bræðralag og ég held að þegar öllu er á botninn hvolft sé það áhrifaríkasta leiðin að við bræðurnir sýnum hver öðrum ævinlega virðingu og bróðurhug, eins og okkur er ætlað að gera.



*Bakað úr
náttúrlegum hráefnum
síðan 1834*

Öll rúnstykki á



Fagmenska tryggir gæðin

**80
kr. stk**

ATH: nýtt heimilisfang

Klapparstíg 3 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Stofnfélagar Hörpu. Fremri röð: Björgvin Bjarnason, Guðni Ásmundsson, Snorri Hermannsson, Þorleifur Pálsson og Sigurður Þórðarson. Aftari röð: Guðmundur Níelsson, Samúel Einarsson, Björn Helgason, Anton Helgason, Erling Sörensen og Páll Sturlaugsson.

St. Andrésarstúkan Harpa á Ísafirði

Fræðslustúkan Harpa var vígð árið 2004. Stór skref hafa verið stigin í framþróun og bættum aðbúnaði Hörpu á síðustu sex árum og náðist sá merki áfangi árið 2014 að Harpa hlaut viðurkenningu sem fullgild Andrésarstúka. Áður hafði þó farið fram stigtaka í húsnæði Hörpu með fulltingi St. Andrésarstúkunnar Huldar frá Akureyri. Að baki þessum árangri liggur mikil vinna og flókinn undirbúningur. Sú saga spannar nærri 20 ár.

Húsnæðismál

Svo háttar til að húsnæði St. Jóh.st. Njálu er á efri hæðinni í Hafnarhúsinu við Ísafjarðarhöfn. Húsnæði Njálu er í austasta enda hússins en hafnarskrifstofa Ísafjarðarbæjar er í dag í vesturendanum. Þarna á milli voru í upphafi auk þess aðrir eigendur að húsnæði. Á embættismannafundi í frímúrarastúkunni Njálu á Ísafirði árið 1994, kom til tals að Njála keypti viðbótarhúsnæði sem nýttast myndi, annars vegar sem stækkun fyrir aðstöðu Njálubræðra og hins vegar sem húsnæði undir nýja Andrésarstúku. Um ræður spunnust um hugmyndina en

ekki voru allir sammála um að Njála væri í stakk búin til að fara í svo mikla framkvæmd. Ekki varð frekari umræða embættismanna um málið á þeim tíma.

Fimm árum síðar, árið 1999, kom svo aftur upp sú hugmynd að kaupa til viðbótar húsnæði aðliggjandi því húsnæði sem þegar var til staðar. Um var að ræða 350 fermetra rými og var ákveðið að kanna hug eigenda til sölu. Þannig hagaði til að lofthæð í húsnæði þeirra frá jarðhæð í mæni voru rúmírnú metrar og þeir gátu því takmarkað nýtt sér allt rýmið. Reyndust þeir enda jákvæðir að láta hluta rýmisins af hendi. Það varð því úr að þeir seldu Njálu efri hluta húsnæðis síns, gölflausan.

Í framhaldinu var ákveðið að ræða við bróður Aðalstein V. Júlíusson um að skipuleggja húsnæðið og hanna innréttingar. Í þeirri hönnun var u.þ.b. helmingur viðbótarhúsnæðisins ætlaður undir fræðslustúku St. Andrésar. Hófst síðan framkvæmdir við að koma húsnæðinu í gagn og var þeim lokið í byrjun árs 2003.

Harpan stillt

Þá var það á embættismannafundi Njálu þann 10. mars 2003 að tillaga þess efnis að óska leyfis Stúkuráðs Reglunnar til starfrækslu St. Andrésar fræðslustúku var lögð fram. Tillagan var samþykkt og var bréf þessa efnis sent þann 13. mars 2003 til Æðsta Ráðs Frímúrarareglunnar á Íslandi. Á fundi ráðsins 3. apríl 2003 féllst það á stofnun St. Andrésar fræðslustúku á Ísafirði. Sú ákvörðun var síðan tilkynnt Njálu, að stofnuð yrði fræðslustúka á Ísafirði á stigum St. Andr. stúku Reglu vorrar undir handleiðslu St. Andrésarst. Huldar á Akureyri.

Formlega var þessi ákvörðun síðan tilkynnt á hátíðarfundum í St. Jóh.st. Njálu 22. sept. 2003 í tilefni af 50 ára afmæli Njálu, af Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sigurði Erni Einarssyni. Var það góð afmælisgjöf til styrktar stúkustarfi Njálu að eignast systur sem hún fengi að fóstora og ala upp sér við hlið.

Verkefnin voru af ýmsum toga. Til dæmis þurfti að finna nafn á stúkuna, þar var úr tólf tillögum að velja og að

endingu varð nafnið Harpa fyrir valinu. Um skjaldamerki og kjörorð voru nokkrar hugmyndir og tók það um þrjá fundi að komast að niðurstöðu sem allir voru sáttir við.

Pegar ég lít til baka og hugsa til þess að við höfðum enga reynslu varðandi það hvernig fræðslustúka skyldi undirbúin til vígslu, þá er það kraftaverk að þetta skyldi takast á svo stuttum tíma sem raun bar vitni. Þetta hefði aldrei tekist nema vegna þess að embættismenn Reglunnar, þáverandi Stm. St. Andrésarstúkunnar Heklu og St. Andrésarstúkan Huld á Akureyri veittu ómetanlega aðstoð í því sem leitað var með til þeirra.

Harpan slegin

Vígsludagur var ákveðinn 22. maí 2004. Stórmeistari Frímúrara-reglunnar á Íslandi, Sigurður Örn

Einarsson, stjórnari vígslu húsnæðisins og stúkunnar. Á vígslufundinum voru mættir 142 bræður enda tilefni ærið. Stofnendur fræðslustúkunnar voru 11 bræður og stofnfélagar sem skráðu sig fyrir vígslu voru 78 bræður. Fyrsti fundur Hörpu eftir vígslu var 6. okt. 2004.

Starfið gekk vel enda gott samstarf við verndarstúkuna Huld á Akureyri. Tíu ár liðu frá vígslu fræðslustúkunnar Hörpu til fullgildingar hennar og eigi ég að meta árangur þá tel ég hann góðan, þó ekki sé ég alveg hlutlaus í því mati.

Bræðurnir hafa lagt mikla vinnu í að fullgera stúkuna og stúkan Huld hefur fært okkur frábærar gjafir til að gera stúkuna eins og hún á að vera. Það sem bræðurnir höfðu að leiðarljósi var skynsemi og vilji, en eins og góður bróðir sagði:

„Skynsemin er tæki sem okkur er

fengið til að virkja viljann, ef svo mætti að orði komast. En skynsemin flytur okkur skammt áleiðis ef viljinn er veikur og samviskan sefur. En þroskuð skynsemi með þjálfuðum vilja og vakandi samvisku, er viska sem virkja má til góðra verka.“

Þetta var það tæki sem bræðurnir beittu til að ná þeim árangri sem stúkan hefur náð í dag.

Snorri Hermannsson

Mikilvægt að klára stúkusalinn

Viðtal við Ingimar Halldórsson, Stólmeistara Hörpu á Ísafirði



Alfreð Erlingsson, Stólmeistari Njálu og Ingimar Halldórsson, Stólmeistari Hörpu.

Ingimar Halldórsson, núverandi stólmeistari St. Andrésarstúkunnar Hörpu á Ísafirði, tók við keffinu af Snorra Hermannssyni sem Stjórnandi bróðir fræðslustúkunnar Hörpu á vordögum 2013. Ingimar var svo lán-samur að fá að taka við rúmu ári áður en fræðslustúkan hlaut fullgildingingu og vígslu sem St. Andrésarstúka þann 18. október 2014.

Snorri Hermannsson hafði, ásamt fjölmörgum öðrum bræðrum í St. Jóh. st. Njálu, komið fræðslustúkunnar Hörpu á legg árið 2004, eftir tíu ára aðdraganda. Markmiðið var þó alltaf sett á fullgilda St. Andrésarstúku og því mikill áfangi sem fagnað var í október 2014.

Hálftu ári eftir að ég tek við embætti stjórnandi bróður, eða í desember 2013, berst bréf frá SMR þar sem tilkynnt er að Reglan hafi heimilað að Harpa verði fullgild St. Andrésarstúka og var mér falið að standa fyrir nauðsynlegum undirbúningi til að svo mætti verða.

Þá tók við krefjandi en skemmtilegur tími því við máttum láta hendur



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Fjórir Stólmeistarar Njálu: Eiríkur Finnur, nýtekinn við af Ágústi Gísla, Gunnar Jónsson og Kristján Haralds, fyrirrennarar þeirra. Frá vinstri: Gunnar Jónsson, Kristján Haraldsson, Birgir Ágústsson Stm. Huldar, Snorri Hermannsson nýsettur stjórnandi Hörpu, SMR Sigurður Örn Einarsson, Eiríkur Finnur Greipsson, þarna nýr Stm. Njálu og Ágúst Gíslason, fráfarandi Stm. Njálu.

standa fram úr erum við að fullnægja öllum þeim kröfum sem gerðar eru til fullgildrar stúku umfram fræðslustúku. Vinnan við lokaundirbúninginn hófst í lok janúar 2014 og tóku margir bræður ærlega til hendinni fram til sumars. Þetta var óhemju mikil vinna sem ljúka þurfti og ekki vantaði metnaðinn til að gera vel. Um það bil sem lokafundur var haldinn um vorið var stúkan Harpa þó að mestu tilbúin.

Snemma sumars var svo ákveðið að vígsludagurinn skyldi verða þann 18. október. Hafist var handa í september við að fullbúa stúkusalinn og voru þau mörg viðvikin sem þurfti að ljúka í september og október, má nærri segja að íslenski hátturinn hafi verið hafður á undir lokin – þar sem iðnaðarmennirnir nánast ganga út um bakdyrnar á meðan gestirnir tínast inn um aðaldyrnar.

Á sjálfan vígsludaginn mætti svo Landsstúkan og vígði stúkuna. Það er gaman að segja frá því að vígsla Andrésarstúkunnar fór fram í St. Jóh.sal Njálu og þar var öllum bræðrum heimilt að mæta – þó vissulega fengju ekki allar að gægjast í stúkusal Hörpu. Til vígslunnar mættu 135 bræður alls staðar að af landinu – Norðurlandi, Austfjörðum, Suðurlandi og Vesturlandi – auk heimasvæðisins á Vest-

fjörðum. Stofnfélagar voru úr ýmsum Jóhannesarstúkum og fluttu nokkrir bræður Andrésaraðild sína í Hörpu við fullgildingu.

Starfið hefur gengið vel og haldnir hafa verið um 8-10 fundir á hverju starfsári. Starfið ræðst vissulega mjög af því hvernig hve margir taka gráður og veltur því nokkuð á því hvernig gengur í starfi St. Jóh.st. Njálu, en Harpa þjónar fyrst og fremst norðanverðum Vestfjörðum ásamt þeim bræðrahópi sem myndast hefur á suðurfjörðunum á undanförunum árum.

Við getum nú tekið við bræðrum á 4/5 stig og er þetta þriðji staðurinn á landinu sem getur það, en áður var það eingöngu mögulegt í Reykjavík og á Akureyri. Njálu- og Hörpubræður hafa jafnan sótt til Akureyrar til að leita frömunar. Í dag förum við enn til Akureyrar til að halda fundi á 6. stigi. Áhöfnin sem þarf að koma til Akureyrar frá Ísafirði telur 13 manns og því allt að 20 manns í föruneyti þegar Harpa heldur fund á Akureyri og tekur við bræðrum á 6. gráðu. Það vill okkur til happs að Akureyringar taka okkur með sönnum bróðurhug – eins og þeir hafa alla tíð gert – og hefur það gert allar okkur norðurferðir að miklum ánægjustundum.

Eins og ljóst má vera er mikilvægt að við bræðurnir í Hörpu ráðumst í að

fullklára stúkuna. Ósk mín er að við fáum 6. gráðu salinn í gagnid sem fyrst þar sem það skiptir geysimiklu máli að geta tekið upp hér á Ísafirði í stað þeirrar miklu útgerðar sem Akureyrarafundir Hörpu eru. Viljinn er allt sem þarf og þó verkið sé talsvert þá er það ekki nema brot af því verki sem vinna hefur þurft til dagsins í dag. Harpa deilir húsnæði með Njálu og rýmið er til staðar þannig að þetta er fyrst og fremst spurning um að láta hendur standa fram úr erum.

Eftir fullgildingu Hörpu hefur gengið ljómandi vel, andinn er allur annar og náði starfið að festa traustar rætur mjög fljótlega. Starfið er í föstum skorðum í dag, en ræðst auðvitað af upptöku bræðra sem hefur mikil áhrif á þátttöku og mætingu. Starfið er miklu líflegra þegar hægt er að hafa reglulega upptökur, fremur en aðeins fræðslufundi. Það væri mjög ásættanlegt fyrir starfið í Hörpu að um 5-6 bræður bættust árlega í hópinn. Starfið er fastmótað og kraftmikið og á eftir að verða enn betra þegar 6. gráðu salurinn er tilbúinn.

Ingimar var skipaður Stólmeistari á vígslufundinum 18. október 2014 og ásamt honum voru skipaðir 12 aðrir embættismenn sem teljast vera stofnendur St. Andrésarstúkunnar Hörpu.



Vestfirskir bræður og systur við Patreksfjarðarkirkju í september 2014.

Frímúrarastarf á sunnanverðum Vestfjörðum

Veturinn 2007 eða fyrir réttum áratug fluttist undirritaður frá Bolungarvík til Vesturbýggðar, nánar tiltekið til Patreksfjarðar. Fljótlega fór ég að athuga hversu margir frímúrarabræður byggju á sunnanverðum Vestfjörðum, þar eð mér fannst ótækt að geta ekki komist á frímúrarafund með hægu móti. Það var eitthvað sem vantaði í lífsmunstrið.

Frímúrarabræður á svæðinu auk mín voru þá fimm. Það voru þeir Guðmundur Sævar Guðjónsson á Bíldudal í St. Jóh.st. Eddu, Haukur Már Kristinsson á Bíldudal í St. Jóh.st. Akri, Bjarni Hákonarson í Haga í St. Jóh. st. Gimli, Jónas Þór á Patreksfirði í St. Jóh.st. Gimli og Jón Björgvin Garðar Jónsson á Patreksfirði í St. Jóh. st. Sindra.

Vorið 2008 ákváðum við að fara saman á fund í St. Jóh.st. Njálu og fór um styttri leiðina á Ísafjörð, þ.e. um Dynjandisheiði og Hrafseyrarheiði.

Frá þessum tíma hefur bræðrahópurinn á svæðinu meira en þrefaldast. Núna eru nítján bræður með lögheimili á sunnanverðum Vestfjörðum.

Í mörg ár höfum við leitað leiða til



Ábyrgðarsamningur um fræðsluefni undirritaður 22. september 2012. Frá vinstri: Magnús Ólafsson, Gunnar Hallsson, Guðmundur Sævar Guðjónsson.



Heimsókn Njálubræðra í september .2012.



Fundarherbergið á Patreksfirði.



Bræður á sunnanverðum Vestfjörðum.

að stofnað yrði bræðrafélag á sunnanverðum Vestfjörðum.

Við vorum svo lánsamir að gera afnotasamning við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði um aðstöðu í fundasal hennar og hefur samningurinn verið framlengdur til tveggja ára í senn.

Sköðað hefur verið að komast yfir eigið húsnæði vegna starfsins og stendur sú leit enn.

Fyrsti skráði fundurinn hjá bræðrunum í húsnæði Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði var 15. janúar 2012. Þegar þetta er ritað (um miðjan febrúar 2017) hafa 49 fundir verið haldnir frá þeim tíma.

Gott samstarf hefur alla tíð verið milli St. Jóh.st. Njálu á Ísafirði og bræðra á sunnanverðum Vestfjörðum.

Frímúrarastúkan Njála er verndari frímúrarastarfsins á sunnanverðum Vestfjörðum. Við erum stúkunni og stjórnendum hennar á hverjum tíma ævarandi þakklátir fyrir gefandi sam-

starf og er það þakkað hér af veikum mætti.

Maður er manns gaman segir í 47. erindi Hávamála. Þetta skýrir sig að mestu sjálft þegar erindið er lesið í heild:

Ungur var eg forðum,
fór eg einn saman,
þá varð eg villur vega.
Auðigur þóttumst
er eg annan fann.
Maður er manns gaman.

Eða eins og segir í 44. erindinu:

Veistu, ef þú vin átt,
þann er þú vel trúir,
og vilt þú af honum gott geta,
geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

Orðið gaman í fyrirnefnda erindinu merkir ánægju, yndi, skemmtun. Þar er verið að segja að auðvelt sé að villast af leið ef maður er einn og hefur engan sér til halds og trausts. Öðruvísi horfir við ef maður finnur sér einhverja manneskju að félagi: Ánægja og yndi fylgja því að njóta samvista við aðra.

Manneskjan þarf að vera í samskiptum við aðra til að sálin lifi bærilegu lífi. Manneskjan er félagsvera.

Enginn er eyland, er líka stundum líka sagt. Þá er hugsunin sú að enginn standi einn og yfirgefinn rétt eins og væri hann eyðieyja. Samskipti við annað fólk eru okkur öllum nauðsynleg.

Magnús Ólafsson



Breytingar á heimasíðu Frímúrarareglunnar

Undanfarin misseri hefur átt sér stað viðamikil stefnumótunarvinna innan Reglunnar sem tengist innra sem ytra starfi hennar. Þar á meðal var ákveðið að gera verulegar breytingar á vef Reglunnar. Vegna þessa var stofnaður vinnuhópur í upphafi síðasta árs sem skilaði tillögum um breytingar í apríl. Í júní var svo tilnefndur fjögurra manna hópur til að fylgja eftir og þróa frekar þær hugmyndir sem fram voru komnar. Gengið var til samninga við hönnunar- og auglýsingastofuna Brandenburg varðandi útlit, virkni og forritun í samráði við ritnefnd. Það samstarf hefur verið með miklum ágætum.

Í meginatriðum var lögð áhersla á að færa vefinn til nútímalegra horfs og nýta sér nýjar veflausnir við þá vinnu. Eðlilegt var talið að ítarlegri upplýsingar um Regluna væru til staðar á forsíðunni fyrir bræður og einnig þá sem vildu kynna sér starfsemi Reglunnar. Í dag er Netið mikið notað við leit og ekki ólíklegt að þeir sem hafa áhuga á að gerast frímúrarar hefji leitina þar. Við vildum að tryggt væri að slík leit skilaði ánægjulegum árangri og möguleikum á frekari upplýsingum væri þess óskað.

Þá var lögð áhersla á að Reglan, stúkur, söfn og klúbbar gætu með auðveldum hætti skrifað og birt á vefnum fréttir og tilkynningar til að auðvelda bræðrum að fylgjast með starfi sinna

stúkna, söfnum Reglunnar og klúbbum sem starfa innan Reglunnar. Útbúið hefur verið sérstakt kerfi til slíkra skrifa sem nú er í kynningu hjá stúkunum. Vonast er til að þessar viðbætur verði til þess að stúkur sjái sér hag í að kynna sín störf fyrir frímúrarabræðrum.

Ákveðið var að skipta vefnum upp í tvo hluta, opinn og lokaðan. Opni hlutinn er nú orðinn virkur og efni sem þar er að finna er öllum opið, hvort sem um er að ræða bræður eða aðra sem áhuga hafa á starfi Frímúrarareglunnar. Lokaði hlutinn verður síðan virkj-

aður í upphafi næsta starfsárs. Þær breytingar sem þá verða sýnilegar verða kynntar öllum bræðrum þegar þar að kemur.

Vefurinn er hannaður á þann veg að hann lagar sig að þeim tækjum sem notuð eru til að sækja hann. Þar má nefna borðtölvur, fartölvur, ípad eða síma.

Fyrstu viðbrögð bræðranna benda til þess að mikil ánægja sé með þessar breytingar. Það gefur ritnefndinni aukinn styrk þegar tekist verður á við næstu aðgerðir.

Ingvar S. Hjálmarsson



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Heimasíðunefnd Reglunnar. F.v. Leopold Sveinsson, Guðmundur R. Magnússon, Ingvar S. Hjálmarsson og Hörður Lárusson.



Grétar H. Óskarsson ásamt góðum vini sínum Elífas (John) Bonifatius í golfi í Windhoek árið 1995.

Frímúrarastarf í Namibíu

Bræðrakeðja sem nær um allan heim

Grétar H. Óskarsson skrifar

Í fjöldamörgu ár starfaði ég erlendis við ráðgjöf á sviði flugmálastjórnar í Kanada, Namibíu, Kosovo og víðar.

Fyrsta verkefni mitt erlendis var að byggja upp flugmálastjórn í Namibíu, sem er land á vesturströnd Afríku, sunnan Angóla en norðan við Suður-Afríku. Ég byrjaði í Namibíu sem flugmálastjóri landsins í ársbyrjun 1995 og var í 5 ár.

Landið hafði nýlega hlotið sjálfstæði og þarfnæðist aðstoðar á flestum sviðum. Þar kom þróunaraðstoð Íslands mikið við sögu í sambandi við fiskveiðar en ég var hins vegar ráðinn sem flugmálastjóri Namibíu fyrir milli-göngu sænsku þróunarhjálparrinnar sem veitti aðstoð, einkum á sviði samgöngu- og fjármála.

Ég reyndi að kanna hér á aðalskrifstofu Reglunnar áður en ég hélt út til Namibíu hvort ekki væru þar starfandi frímúrarastúkur, því minnugur orða Stólmeistara við upptöku mína

um vinveitta bræður um víða veröld, vildi ég, ef unnt væri, geta haldið áfram frímúrarastarfi mínu þótt erlendis væri.

En þar sem svo stutt var síðan Namibía hafði öðlast sjálfstæði frá Suður-Afríku voru þær upplýsingar sem ég fann hér heima gagnslausar þegar út var komið og heimilisfang frímúrarahússins í Windhoek, höfuðborgar Namibíu, reyndist rangt, gata með uppgefnu nafni var ekki til.

Ég gafst nú samt ekki upp við svo búið heldur hafði augun opin fyrstu dagana og viti menn á þriðja degi þegar ég var að aka nýja leið heim úr vinnunni blasti við mér reisuleg bygging með stóru merki frímúrarara, hornmátinu og hringfaranum, á forhliðinni. Við húsið sá ég nokkra menn vera að dytta að því og gekk ég til þeirra og spurði hvort þeir væru frímúrarar.

Þeir könnuðust við það og er ég hafði kynnt mig sem slíkan frá Íslandi má segja að allar flóðgáttir vináttu og fyrirgreiðslu hafi opnast. Mér var boð-

ið inn og snarlega frá því gengið að ég myndi mæta á næsta fund að tveimur kvöldum liðnum sem yrði á fyrsta stigi klukkan hálfátta. Klæðnaður væri dökk fót, hvít skyrta og svört slaufa. Einkennin mín sem ég hafði tekið með að heiman skyldi ég hafa með mér sem og frímúraravegabréf.

Namibía var þýsk nýlenda í 30 ár frá dögum Bismarcks til heimsstyrjaldarinnar fyrri, en þá innlimaði Suður-Afríka landið og það varð ekki sjálfstætt ríki fyrr en 1990 eftir mikla baráttu. Þrjú tungumál eru ríkjandi í Namibíu; enska sem er opinbera málið, afrikaans, tungumál Búanna, sem allir kunna og mest er notað og svo þýska.

Stórstúka eða Landstúka er ekki til í Namibíu, en um áratugi hafa samt 10 frímúrarastúkur starfað í landinu undir þremur erlendum stórstúkum í Skotlandi, Englandi og Suður-Afríku. Stórstúka Skotlands hefur mest umsvif en undir henni starfa fimm stúkur, þar af þrjár í höfuðborginni. Undir Stórstúku Englands starfa fjórar stúk-

ur, þar af tvær í höfuðborginni og undir Stórstúku Suður-Afríku starfar ein stúka. Stúkurnar í höfuðborginni sameinast um og reka glæsilegt frímúrarahús þar sem þær skiptast á um að halda fundi.

Skoska Stórstúkan hefur á fjórða hundrað stúkur starfandi í um 50 löndum víða um heim og starfa þær stúkur á fjölmörgum þjóðtungum og ritúöl og siðir geta verið breytileg. Það eina sem hinar fjölmörgu stúkur hafa sameiginlegt er að þær starfa undir og með heimild skosku Stórstúkunnar og fylgja grundvallarlögum, reglum og fyrirmælum hennar. Stúkurnar í Namibíu, sem starfa undir skosku Stórstúkunni, nota ritúöl á ensku, þýsku og afrikaans, hver stúka sitt tungumál.

Það er ekki að orðlengja það að ég mætti á minn fyrsta frímúrarafund í Namibíu á tilteknum tíma, tveimur kvöldum eftir að ég fann frímúrarahúsið. Síðameistari stúkunnar tók á móti mér, leit á frímúraravegabréf mitt og ekki síður félagatalið að heiman, sem hann skildi nógu vel til þess að sjá, að ég var á hæstu stigum Frímúrarareglunnar á Íslandi. Var ég síðan kynntur fyrir viðstöddum stúku-bræðrum og vísað til sætis við hlið Stólmeistara.

Þannig vildi til að þessi fyrsti frímúrarafundur minn í Namibíu var í

stúkunni „Zum Kreuz des Südens“, eða „Suðurkrossinn“, sem er þýskumælandi stúka og starfar undir skosku Stórstúkunni. Ritúalið var gamalt þýskt ritúal, Schröders ritúal, sem að vissu leyti er forveri og að hluta til fyrirmynd okkar ritúals. Karl XIII Svíakonungur og Carl Frederik Ekkleff, ríkisráðsritari, studdust að miklu leyti við Schröders ritúal þegar sænska frímúrarakerfið, sem við störfum eftir, var innleitt fyrir meira en 200 árum.

„Zum Kreuz des Südens“ varð síðan mín heimastúka, ef svo má segja, og sótti ég reglulega fundi hennar næstu fimm árin og tók ásamt eiginkonu minni þátt í ýmsu félagsstarfi á vegum stúkunnar, þar á meðal systrakvöldum. Ég heimsótti einnig nokkrar aðrar stúkur, einkum þær sem störfuðu á ensku, bæði innan skosku og ensku Stórstúknanna. Einnig heimsótti ég stúku innan Stórstúku Suður-Afríku sem starfaði á afrikaans, þótt ekki skildi ég málið eins vel og ensku og þýsku.

Mér til ánægju og eigin fræðslu þýddi ég á íslensku fyrstu gráðu ritúal stúkunnar sem starfaði innan Stórstúku Suður-Afríku. Ritúalið var til í bæklingi sem gefinn var nýjum félögum stúkunnar til fróðleiks og áminningar. Þýðinguna gaf ég svo bókasafni Reglunnar.

Starf mitt sem flugmálastjóri

Namibíu var nýtt, landið var ungt og mikillar uppbyggingar þörf. Mér var alveg ljóst að ég gæti ekki einn á báti byggt upp nýja stofnun, flugmálastjórn, sem viðurkennd yrði og nyti trausts meðal annarra þjóða. Til þess þyrfti ég að virkja áhrifamenn innan stjórnsýslunnar og atvinnulífsins, fá þá í lið með mér og skilja mikilvægi flugs og flugsamgangna fyrir Namibíu. Brýnt verkefni fyrir mig væri því að kynna samfélaginu og þeim aðilum sem báru það uppi.

Eins og mig grunaði fann ég fjölmarga af þessum lykilmönnum í frímúrarastúkunum. Þar eignaðist ég ekki einungis góða vini sem á allan hátt reyndu að greiða götu mína, heldur einnig trausta bandamenn við það verkefni sem mér hafði verið falið. Frímúrarastarfið, þátttökan í þessari stórkostlegu bræðrakeðju sem nær um heim allan, var það sem við, bæði hvítir og svartir frímúrarabræður í Namibíu, áttum allir sameiginlegt.

Fjölsótt Regluhátið 2017

Regluhátið 2017 var haldin 14. janúar sl. og var venju samkvæmt afar vel sótt. Tónlist setti eins og fyrr sterkan svip á fundinn, en ræður fluttu Vigfús Þór Árnason, ÆKR og Valur Valsson, SMR. Í ræðu SMR gerði hann 300 ára afmæli ensku Stórstúkunnar að umtalsefni sínu, stefnumótunarvinnu innan Reglunnar, þakkaði bræðrum óeigingjarnt sjálfboðastarf og gerði svo mannrækt að umræðuefni og sagði:

„Frímúrarareglan er bræðralag sem hefur mannrækt að markmiði. Við sem göngum erum ekki betri eða verri en aðrir en munurinn er sá að við höfum ásett okkur að verða betri. Við höfum markmið. Og þá vaknar spurningin: Hvernig hefur þér, bróðir minn vegnað á frímúrarar-

brautinni? Hefur þú gengið til góðs götuna fram um veg?

Ég held að okkur sé hollt að spyrja öðru hveru svona spurninga og hver verður að svara fyrir sig. Ég get aðeins svarað fyrir mig – og þó!“

SMR veitti tveimur heiðursfélaganafbót Frímúrarareglunnar á Íslandi, þeim Christoph Bosbach, Stórmeistara þýsku Stórstúkunnar og Arne Kaasik, Stórmeistara Supreme Council 33° í Eistlandi. Sigmari H. Óskarssyni var veitt heiðursmerki Frímúrarareglunnar á Íslandi. Loks ber að geta þess að fjórum fyrrverandi Stm. St. Jóh.st. var afhent heiðursmerki, en það voru þeir Hákon Örn Arnþórsson, fyrrv. Stm. Mímis, Hreiðar Hreiðars-

son, fyrrv. Stm. Rúnar, Gunnar Hallsson, fyrrv. Stm. Njálu og Sigmundur Örn Arngrímsson, fyrrv. Stm. Lilju.

Frímúrarakórinn undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar og Jónasar Þórs, ásamt einsöngvurunum Kristjáni Jóhannssyni, Kolbeini J. Ketilssyni og Ívari Helgasyni, fíðluleikaranum Hjörleifi Valsyni, Örnólfi Kristjánssyni sellóleikara, Bjarna Sveinbjörnssyni, kontrabassaleikara, Ólafi Flosasyni óbóleikara, Sigurði Hafsteinssyni, saxófónleikara og trompetleikurunum Grími Sigurðssyni og Kristjáni Hermannssyni, sáu um tónlist á fundinum, sem var allur hinn glæsilegasti.

Styrktarráð Frímúrarareglunnar á Íslandi

Styrktarráð Frímúrarareglunnar á Íslandi er eitt af fjórum ráðum Reglunnar. Það hét upphaflega „Góðgerðarráð“ og hefur starfað síðan 1941 en heiti þess var breytt síðar. Styrktarráð er skipað 7 bræðrum. Árnaður Reglunnar á hverjum tíma er oddviti Styrktarráðs en varaoddviti ráðsins er St. Stú.M. en því embætti gegnir nú br. Skúli Lýðsson R&K.

Hlutverk

Hlutverk og verkefni Styrktarráðs er göfugt og mikilvægt og segir svo um hlutverk þess í grundvallarlögum Reglunar:

„Styrktarráð hefur umsjón með Útfararsjóði og Styrktarsjóði Reglunnar og einstakra stúkna, auk annarra sjóða sem því er falið að ráðstafa.

Útfararsjóður veitir aðstoð við fráfall bræðra, en Styrktarsjóður aðstoðar fátæka bræður eða fjölskyldur látinna bræðra. Styrktarráð fylgist með starfsemi bræðranefnda St. Jóh. stúknanna varðandi líknarmál.

Styrktarráð úthlutar styrkjum og líknarfé til frímúrarabræðra og fjölskyldna þeirra innan ramma samþykktra áætlana og fyrirmæla sem SMR kann að setja.

Ráðið yfirfer árlega skýrslur og reikninga frá líknarstofnunum Reglunnar og stúkum og bræðrafélögum um land allt.”

Rétt er að vekja athygli á því að verkefni Styrktarráðs eru styrkir og stuðningur inn á við, þ.e.a.s. Reglan styður og styrkir bræður og fjölskyldur látinna bræðra. Hins vegar er það hlutverk Frímúrararsjóðs að veita styrki til manna og málefna utan Reglunnar. Við störf Styrktarráðs þarf að gæta mikils trúnaðar þar sem viðkvæm og vandmeðfarin mál eru til umfjöllunar.

Tekjur

Mjög mikilvægt er að sérhver bróðir geri sér grein fyrir því að tekjur Styrktarsjóðs eru eingöngu byggðar á



Ljósmyndari: Bjarni Ómar Guðmundsson

Sigurður Kr. Sigurðsson, R&K, oddviti Styrktarráðs.

frjálsu framlagi bræðra og samskotum á fundum Reglunnar en það er í anda hugsjóna bræðralagsins að láta gott af sér leiða. Í sérhvert sinn sem bróðir leggur fram skerf á fundum er hann að leggja þeim lið sem á þurfa að halda og þörfin er rík. Árið 2013 var tekin

ákvörðun um að fulltrúar Styrktarráðs og Fjárhagsráðs myndu heimsækja allar St. Jóh.stúkur á landinu á fundi á fyrsta stigi þar sem farið yrði yfir styrktar- og fjármál stúknanna. Heimsóknnum þessum var afar vel tekið af bræðrum og urðu eins konar vendi-

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum

ÓKEYPIS
HEYRNAR
MÆLING!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Tíð andlát ástvarnar

Nærgætni, hlýja og virðing




Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

**ÚTFARARSTOFA
ÚTR
REYKJAVÍKUR**

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



**Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK**

Grand Hótel Reykjavík, stærsta funda- og ráðstefnuhótel Íslands

Grand Hótel Reykjavík hýsir fjölda viðburða, meðal annars ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, stóra sem smáa fundi, verðlaunaafhendingar, fyrirlestra og fleira.

Salirnir henta einnig vel fyrir brúðkaup, samsæti, ættarmót, erfidrykkjur, móttökur eða aðrar veislur. Öll aðstaða og þjónusta er fyrsta flokks.

Grand Hótel Reykjavík er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að gera þinn viðburð, eins og þú vilt hafa hann.



punktur þar sem bræður gerðu sér betur grein fyrir hvernig fjármunum Reglunnar er varið.

Styrktarsjóður

Á fundaferð fulltrúa Styrktarráðs og Fjárhagsráðs á sínum tíma til allra St. Jóh.stúkna kom fram misskilningur sem mikilvægt er að leiðrétta, en það er að samskot á fundum stúkna utan Reykjavíkur færu í einn allsherjar sjóð í Reykjavík. Hið rétta er að sérhver fræðslustúka og Jóhannesarstúka utan Reykjavíkur á sinn eigin Styrktarsjóð en stúkurnar í Reykjavík eiga sameiginlegan sjóð. Beiðni um heimild til styrkveitingar úr öllum styrktarsjóðum stúkna hvar sem er á landinu skal send til Styrktarráðs sem í langflestum tilfellum samþykkir beiðnina enda hafi Stj.br. eða Stm. ígrundað beiðnina og gert grein fyrir henni á skilmerkilegan hátt.

Sérhver gefi eftir efnun og ástæðum

Um alllangt skeið höfðu framlög bræðra staðið í stað og fyrir því voru ýmsar ástæður, svo sem þrengingar í samfélaginu og aukin kortanotkun þannig að bræður höfðu minna reiðufé í vasa. Þá hafði verðgildi krónunnar minnkað og bróðir sem í allmörg ár hafði látið sömu mynt falla í söfnunarpokann af gömlum vana og án mikillar umhugsunar verið óbreytt í mörg ár. Í byrjun yfirstandandi starfsárs, hinn 7. september síðastliðinn, fékk Ármaður Reglunnar leyfi Stórmeistara til að skrifa bréf til allra bræðra þar sem var m.a. hvatning til að auka samskot á fundum en meðaltal undanfarinna ára var undir 500 krónum frá hverjum bróður á fundi. Það er afar ánægjulegt að segja frá því að undirtektir hafa verið afar góðar og er hlutfall í mörgum stúkum komið yfir 1.000 krónur. Fyrir þessar góðu undirtektir bræðrana vill Styrktarráð þakka svo og Stj.br. og Stólmeisturum fyrir hvatningu þeirra til bræðrana á stúkufundum. Eitt skulu þó allir muna, að margir bræður geta ekki gefið upphæð sem nemur meðaltaliþ að ber að virða, því: „sérhver gefi eftir efnun og ástæðum“.

Bræðranefndir

Tvö af meginverkefnum bræðranefnda er „Umhyggja fyrir bræðrum eða fjölskyldu látinna bræðra sem búa við bág kjör og bræðrum í fjárhags-

vanda“ og í öðru lagi: „Vitjun sjúkra og eldri bræðra“. Beiðnir um styrki sem Styrktarráði berast eiga flestar uppruna sinn hjá bræðranefndum stúkna sem ráðinu berast frá Stólmeisturum og Stjórnandi bræðrum.

Á örskotsstundu geta orðið miklar ófyrirsjáanlegar breytingar í lífi manns. Það er því mikilvægt að sérhver bróðir geri sér grein fyrir því að þrátt fyrir störf bræðranefnda má segja að allir séu á sinn hátt í bræðranefnd. Það er kærleiksverk að vera vinur í raun og hverfa ekki frá þegar í harðbakkann slær og bróðir þarfnast skilnings og umhyggju. Bræðranefndir leysa bræðurna ekki undan bróðurskyldum sínum og eigin frumkvæði að rækja þær.



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Ólafur Helgi Kjartansson.

Oddvitar Styrktarráðs

Bráðabirgðastjórn

Sigurgeir Sigurðsson

1941-1950

Arent Claessen

1950-1951

Frimúrarareglan á Íslandi

Ólafur Lárusson

1951-1952

Arent Claessen

1952-1963

Þorsteinn Sch. Thorsteinsson

1964-1969

Elías Halldórsson

1969-1973

Svanbjörn Frímansson

1973-1983

Vilhjálmur Jónsson

1983-1985

Jón Skúlason

1985-1991

Þórður S. Gunnarsson

1991-1993

Jóhann Ágústsson

1993-1997

Jón H. Bergs

1998-2002

Ólafur Kjartansson

2002-2004

Gunnlaugur Claessen

2004-2008

Pétur K. Eyrason

2008-2010

Bent Bjarnason

2010-2015

Sigurður Kr. Sigurðsson

2015-

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Iðunnar

Að undangengnu kjöri var br. Ólafur Helgi Kjartansson settur í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Iðunnar af HSM Allani Vagni Magnússyni þann 25. mars sl.

Ólafur Helgi Kjartansson er fæddur í Reykjavík 2. september 1953, sonur hjónanna Ágústu Skúladóttur, húsmóður frá Ísafirði sem er látin og Kjartans T. Ólafssonar vélfræðings frá Látrum í Aðalvík (br. í Röðli).

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1972, embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1978 og Meistaraprófi í opinberri stjórnsýslu frá sama skóla 2008.

Ólafur Helgi varð fulltrúi sýslumannsins í Árnassýslu 1978 og skattstjóri Vestfjarðadæmis 1984, sýslumaður á Ísafirði 1991 og á Selfossi 2002 og hefur verið lögreglustjóri á Suðurnesjum frá 2014.

Ólafur gekk í St. Jóh.st. Röðul 1984 og Njálu 1997 þar sem hann var Rm. og síðar gekk hann til liðs við St. Jóh.st. Iðunni 2012 og gegndi þar embætti Rm. til ársins 2016, er hann var kosinn Vm.

Eiginkona Ólafs er Þórdís Jónsdóttir og eiga þau fjögur uppkomin börn og þrjú barnabörn.

jura®



Dásamlegt kaffi –
nýmalað,
engin hylki.



Mögulegt er að velja úr nánast óendanlegu úrvali ferskra kaffibauna og nota í sjálfvirkar JURA kaffivélar. Þannig getur þú haft kaffibollann þinn nákvæmlega eins og þú vilt hafa hann.

Kaffivélarnar eru sérhannaðar til þess að ná því besta út úr hverri blöndu og ristun bauna. Ferskar kaffibaunir eru malaðar í hvern bolla, malað kaffið pressað í uppáhellaranum og hellt upp á við fullkomnar aðstæður.

Kaffi sameinað með heitri mjólk og flauelsmjúkri, léttri mjólkurfroðu framkallar bæði klassíska sem og nýja, spennandi drykki. Unaðslegur kaffidrykkur skilar sér í bollann. Ljúffeng upplifun, allt með því að ýta á einn hnapp.

Líttu við hjá Eirvík og við bjóðum þér í kaffi.

EIRVÍK

Skjalasafn Reglunnar

Austurrísku börnin

Neyðarhjálp Íslendinga 1920 og 1922

Hungursneyð ríkti í Austurríki eftir fyrri heimsstyrjöld og Íslendingar hófu landssöfnun til hjálpar austurrískum börnum. Frímúrarar létu ekki sitt eftir liggja og komu hópi austurrískra ungmenna til sumardvalar hér á landi árið 1922. Þar á meðal var listhneigður barón.

Rannsóknarstúkan Snorri fór í ferð til Vínarborgar í nóvember 2016. Á gönguferð um bæinn gengum við meðal annars um eitt af höfuðtorgum Vínarborgar, Schwedenplatz. Torgið hét áður Kaiser-Ferdinands-Platz, en fékk nafnið Schwedenplatz 1919 í þakkar-skygni vegna neyðaraðstoðar Svía. Hungursneyð ríkti víða í Austurríki eftir fyrri heimsstyrjöldina og töldu leiðsögumennirnir að aðstoð Svía hefði þá forðað mörgum frá hungurdauða, sérstaklega börnum.

Í þessu sambandi voru rifjuð upp dæmi um aðstoð Íslendinga vegna bágborins ástands í Austurríki eftir fyrri heimsstyrjöld. Beiðnir um aðstoð bárust þá til Íslands eftir ýmsum leiðum, meðal annars frá dönsku stórstúkunni (Den Danske Store Landsloge, DDSL). Aðstoð var veitt einstökum hópum, svo sem bágstöddum frímúrum, en árið 1919 var sett í gang landssöfnun.

Hér verður gerð nokkur grein fyrir landssöfnun 1919–1920 og sérstöku verkefni frímúrarara 1922. Heimildir um landssöfnunina eru samtíma dagblaðafréttir frá <http://timarit.is>, en um síðara verkefnið eru heimildir fengnar úr skjalasafni Reglunnar.

Landssöfnun 1919–1920

Í blaðinu Degi á Akureyri 17. desember 1919 birtist svohljóðandi frétt:

100 austurrísk börn

ef ekki fleiri, eru væntanleg hingað til Íslands innan skamms. Neyðin í Austurríki er hörmuleg og liggur ekki annað fyrir fjölda barna þar en hungurdauði, ef ekki er hjálpað. Í utanför forsætisráðherra¹ var farið fram á það við hann, að Ísland tæki þátt í hjálpinni á þann hátt að hópur barna yrði fluttur hingað til uppfósturs. Forsætisráðherra símaði um þetta til Reykjavíkur. Þar var nefnd sett í mál-

ið og er Kristján Jónsson háyfirdómari² formaður hennar. Mál þetta fjekk þegar góðar undirtektir og voru 150 tilboð um barnatöku komin til nefndarinnar fyrir nokkrum tíma.

Í Morgunblaðinu 4. janúar 1920 er frétt um austurrísku börnin og þar segir:

Austurrísku börnin

Búið er við að fyrsta sendingin, 50 börn, komi hingað með Gullfossi, og seinni helmingurinn, önnur 50 börn, komi hingað um mánaðamót. Hefir enn eigi verið gefið loforð um að taka fleiri börn, enda þótt nefndinni hafi borist tilboð um töku fleiri barna. Innan fárra daga tekur nefndin ákvörðun um það, í hvaða staði fyrstu börnin eigi að fara. - Tilboð eru enn að berast nefndinni utan af landi víðsvegar um töku barna, en ekki víst að hún sjái fært að senda þau langan veg um hávetur. Þó er búið við því að fleiri en 100 börn verði tekin.

Morgunblaðið 26. janúar 1920:

Austurrísku börnin

Móttökunefnd austurrísku barnanna bjóst við því að nokkur þeirra (um 50) myndu koma hingað nú með Gullfossi og var búin til þess að taka á móti þeim. Fyr á árinu var þeirra aldrei von. En nú hafa komið símskeyti frá Höfn til stjórnarráðsins, dags. 17., 20. og 22. þ. m., er herma það, að sökum erfiðleika, sérstaklega við heilbrigðisrannsókn á börnunum, hafi eigi verið unt að koma þeim svo snemma áleiðis frá Vín, en að þau muni koma til Hafnar síðari hluta febrúarmánaðar.

Þetta tilkynnist hinum mörgu, er boðist hafa til að taka börnin.

Reykjavík 24. jan 1920

Fyrir hönd nefndarinnar.

Kristján Jónsson.

Í Morgunblaðinu 13. apríl 1920 er stutt viðtal við Kristján Jónsson dómstjóra, formann móttökunefndarinnar. Þar er haft eftir Kristjáni:

Í febrúar áttu að koma hingað 100 börn, en þau komu degi of seint til Kaupmannahafnar til þess að komast með Gullfossi áleiðis hingað. Mér er kunnugt um það að mörg austurrísk börn koma til Danmerkur. En það hefur verið ofboð auðvelt að koma þeim

fyrir í landi þar svo það hefur ekki þótt nauðsynlegt að senda þau alla leið til Íslands. Í Danmörku dvelja börnin sjaldan lengur en 3 - 4 mánuði. Hér myndi það þykja nokkuð stuttur tími eftir svo langa og erfiða ferð, en það er skiljanlegt að foreldrar barnanna vilja helst ekki skilja þau við sig um lengri tíma.

Í Morgunblaðinu 23. og 26. maí 1920 var birt tilkynning frá móttökunefnd austurrísku barnanna, en henni hafði borist símskeyti frá stjórnarráðsskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Í skeytinu segir meðal annars í íslenskri þýðingu:

Austurrísk nefnd, sett til að koma fyrir austurrískum börnum, skýrir frá, að trúarbragðalegar og aðrar tálmanir séu því til fyrirstöðu að ungum nauðlíðandi (austurrískum)³ börnum verði komið fyrir á Íslandi til stöðugrar dvalar eins og hugsað hefur verið.

Þannig eru allir þeir mörgu og góðu menn sem af mannkærleika hafa hafa boðist til að taka austurrísk börn, leystir frá tilboðum þeirra.

En jafnframt er sú málaleitun komin frá Wien hingað í áður nefndu símskeyti, að við tækjum 30 - 50 drengi, 14 - 18 ára, til 3 eða 4 mánaða sumardvalar, en um þetta hefur nefndin enga ákvörðun getað tekið.

Reykjavík, 23. maí 1920

Kristján Jónsson

form. nefndarinnar

Tilkynning frá móttökunefndinni kom í Morgunblaðinu 27. maí 1920:

Austurrísku börnin

Eins og tilkynnt hefir verið, koma engin austurrísk börn hingað að þessu sinni.

Móttökunefndin hefir með samskotum aflað sér nokkurra peninga hér í Reykjavík, nálægt því 20.000 kr.

Á fundi í dag ræddi nefndin um það hvernig ráðstafa skyldi þessum peningum, og varð það að samþykkt, að senda skyldi þessa peninga og aðra þá, er safnast kunna hafa hér á landi í sama skyni, til Vínar til þess að þeim verði þar varið til líknar þurfandi börnum.

Treystir nefndin því, að hinir veglyndu gefendur verði samþykkir þessari ráðstöfun.

Bankastjóra L. Kaaber⁴ og undirskrifuðum var falið að koma þessari ályktun í framkvæmd. Reykjavík, 25. maímán. 1920.

Kristján Jónsson,
form. nefndarinnar.

Vínardrengir til Íslands 1922


Gunnlaugur Einarsson lækni⁵ hafði í námsferð á árinu 1921 kynnst af eigin raun því neyðarástandi sem ríkti í Austurríki. Hann kom til baka úr námsferðinni í nóvember 1921. Á fundi í stúkunn Eddu 21. febrúar 1922 flutti br. Gunnlaugur ávarp vegna beiðni frá Vín um að taka á móti austurrískum börnum á Íslandi í sumarleyfinu. Úr ávarpi Gunnlaugs:

Ykkur er öllum kunnugt um neyðina í Wien, og ég geri ráð fyrir að flestir ykkar muni þegar hafa lagt ykkar skerf af mörkum til hjálpar í hvert skipti sem hjálpar hefur verið kallað úr þeirri átt. En neyðin er óþrjótandi og þarfirnar margvíslegar. [...] Meðal þeirra sem við mig töluðu var prófessor í Þjóðmegunarfræði við Wienarháskóla sem heitir Othmar Spann,⁶ og er bæði mikils metinn og frægur í sinni grein. Langaði hann mjög til að koma 2 drengjum sínum á fermingaraldri til Íslands, ekki eingöngu til að þeir hrestust hér í sumarfríinu heldur til að styrkja kynni og vináttu bönd við það sem hann kallaði „fóstru norrænnar menningar.“ [...] Í bréfi sem ég fékk frá honum fyrir nokkru gerir hann nánar grein fyrir þessu og leyfi ég mér að lesa upp eftirfarandi kafla úr því í lauslegri þýðingu.

„Eg hefi átt tal við marga af okkar helstu leiðandi mentamönnum (mehrere führenden, ersten Persönlichkeiten aus Intelligenskreisen). Allir væru þeir stórglaðir ef þeir gætu sent börn sín í sumarfríinu til Íslands. Það væri því ofur-auðvelt að ná saman 10, 20 eða 30 börnum (alt eftir því hve margra væri óskað þar heima).

Foreldrarnir væru einnig mjög fúsir til að leggja á sig peningaútgjöld til að koma þessu í framkvæmd, en bón vor er þó sú að létta a. m. k. svo undir með ferðakostnaðinum að sjóferðin fram og til baka yrði oss útgjaldalaus, því að einkum vegna hins nýja verðhruns á austurrísku krónunum væri oss ofvaxið hér, að ná saman þeirri upphæð í dönskum krónum, sem til hennar þarf.“

Aðalatriðið felst í spurningunni: Viljum vér leggjast á eitt og verða við



Í skjalasafni Reglunnar er nokkuð af einkaskjölum Gunnlaugs Einarssonar, meðal annars lítil bók merkt „Gunnl. Einarsson (privat)“. Í bókinni er listi yfir þá sem hafa gefið peninga til að greiða kostnað af ferð og dvöl þessara austurrísku ungmenna og skráð upphæð sem hver gaf.

þessari bón hinna mætu manna? Getum vér staðist straum af upphaldi þeirra hér og ferðakostnaði þeirra á sjó hingað og héðan?

Hallgrímur Kristinsson,⁷ 2. Vm. Eddu, stjórnaði þessum fundi. Hann skipaði sjálfan sig og Gunnlaug Einarsson til að skipuleggja móttöku austurrískra barna, ef af yrði. Það varð úr að tíu ungmenni myndu koma til Íslands sumarið 1922. Gunnlaugur skrifaði Othmar Spann 20. mars 1922 um áætlaða tilhögun ferðarinnar. Úr bréfi Gunnlaugs (þýðing Halldórs Baldurssonar):

Heiðraði herra prófessor!

Það gleður mig mjög að geta tilkynnt yður að yðar góða tillaga hefur verið samþykkt af nokkrum persónulegum vinum mínum og ekki færri en

tíu börnum verður komið fyrir til sumarvalar og er komu þeirra beðið með eftirvæntingu.

Tekið verður á móti börnunum (7 – 8 drengjum og 2 – 3 stúlkum á aldrinum 14 – 16 ára) á skipi (Gullfoss) 5. júní, þau flutt til Reykjavíkur með viðkomu í Leith og send til baka með sama skipi 3. – 14. september. Sjóferðin og upphald að kostnaðarlausu. Því miður getum við ekki greitt ferðakostnað nema áður nefnda sjóferð, vonandi verður ferðin til Kaupmannahafnar yður ekki of dýr.

Í skjalasafni Reglunnar er nokkuð af einkaskjölum Gunnlaugs Einarssonar, meðal annars lítil bók merkt „Gunnl. Einarsson (privat)“. Í bókinni er listi yfir þá sem hafa gefið peninga til að greiða kostnað af ferð og dvöl

þessara austurrísku ungmenna og skráð upphæð sem hver gaf. Alls söfnuðust 1.590 krónur. Sú upphæð dugði fyrir útgjöldum, sem einnig eru sundurliðuð í bókinni.

Í bréfi frá Othmar Spann 6. júlí 1922 er nafnalisti ungmennanna og nokkur deili sögð á hverjum og einum. Níu ungmenni voru á aldrinum 13–18 ára. Áberandi elstur var Hans Hasslinger, 21 árs háskólastúdent og titlaður barón. Hann var tekinn í hópinn að ósk Jaden baróns,⁸ sem er í bréfinu sagður hafa stutt málefnið með ráðum og dáð („mit Rat und Tat“). Spann getur þess í bréfi sínu að Hasslinger sé mjög músíkalskur og hafi oft leikið á píanó undir kórsöng.

Fyrir liggur kvittun Jakobs Gíslasonar⁹ dags. 6. júlí 1922 svohljóðandi: „Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hefur í dag greitt undirrituðum fyrir útgjöld við leiðsögn austurrískra drengja um Kaupmh. og umhverfi kr. 69,75.“ Það hefur verið mikið látið með drengina því 4. júlí eru útgjöld fyrir sýningarskrá í listasafni, aðgang að baðstaðnum Helgoland, sporvagn og ferju innan hafnar í Kaupmannahöfn, aðgöngumiða í Tívoli með rússíban, speglasalinn, mat, sjö glös af mjólk, hríngekjú og fleira. Daginn eftir, 5. júlí, er keypt sýningarskrá í höggmyndasafni Thorvaldsens, en 6. júlí er sporvagn til lækni 1 króna og lækniakostnaður og meðöl 13 krónur og 10 aurar. Þessi lækniútgjöld geta að einhverju leyti tengst heilbrigðisvottorði sem Jónas Kristjánsson læknir¹⁰ gaf út 6. júlí 1922, þá staddur í Kaupmannahöfn.

Næsta dag var farið í Frúarkirkju, Frelsakirkju og listasafnið Glyptoteket.

Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, br. Sveinn Björnsson, lagði eins og áður er sagt út fyrir þessari leiðsögn og lækniútgjöldum vegna drengjanna. Br. Sveinn lagði einnig út fyrir gistiútskiptum, mat og fleiru, alls 338 danskar krónur, sem hann fékk endurgreitt að hluta, en annað var framlag hans til ferðar ungmennanna.

Síðan hélt hópinn með Gullfossi frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur og voru greiddar 255 krónur fyrir fæði drengjanna tíu á leiðinni. Ekkert liggur fyrir um kostnað vegna fargjalds og virðist Eimskipafélagið hafa gefið fargjaldið.

Meðan drengirnir dvöldu á Íslandi bjuggu þeir hjá frímúrarabræðrum.

Í september 1922 fóru flestir til

baka. Fæði á Gullfossi frá Reykjavík til Kaupmannahafnar kostaði 240 kr. alls, en enginn kostnaður er vegna fargjalds. Drengirnir gistu á Hotel West End við Helgolandsgade í Kaupmannahöfn 11.–13. september 1922 og er þar kostnaður fyrir gistingu og fæði kr. 152,75. Er þá innifalið nesti á leiðinni frá Kaupmannahöfn.

Einn drengjanna, Karl Smetana, fór seinna heim frá Kaupmannahöfn. Hann fékk 23. september 1922 16 krónur frá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn sem greiðslu fyrir farmiða til Vínarborgar.

Drengirnir fengu vasapeninga í Kaupmannahöfn til heimferðarinnar, 20 danskar krónur hver.

Barón Hans von Hasslinger fór heim síðastur ungmennanna. Honum var greinilega fleira en píanóleikur til lista lagt. Á forsiðu Morgunblaðsins 31. október 1922 er svohljóðandi auglýsing:

Málverkasýning

Málverkasýningu opnar baron Hans Hasslinger í dag kl. 12 í húsi frú Margrétar Zoëga¹¹ (gengið inn frá Vallarstræti). Á sýningunni eru um 25 – 30 myndir frá t. d. Þingvöllum, Stokkseyri, Reykjavík og Eiríksjökli. Sýningin er opin frá kl. 12 – 4 og stendur yfir í nokkra daga. Aðgangur ókeypis. Þeir sem vilja fá sjer falleg og ódýr málverk ættu að koma á þessa sýningu.

Lokaorð

Íslendingar lögðu talsvert af mörkum til að aðstoða austurrísk börn vegna hungursneyðar eftir fyrri heimsstyrjöld. Í landssöfnun 1919–1920 söfnuðust nærri 20 þúsund krónur, sem jafngilti meira en 16 þúsund tímalaunum verkamanns.¹² Söfnunin var hugsuð til að fjármagna sumardvöl austurrískra barna á Íslandi, en ekki varð af því að börnin kæmu til Íslands. Söfnunarféð var því sent til Austurríkis og hefur eflaust gagnast þar vel til hjálpar bágstöddum börnum.

Sumardvöl austurrískra ungmenna á Íslandi 1922 var hins vegar afmarkað verkefni á vegum frímúrarara. Skipulag og framkvæmd byggðist mjög á persónulegum tengslum br. Gunnlaugs Einarssonar, meðal annars við menn í Austurríki og við íslenska frímúrarara.

Tilvísanir

- 1 Jón Magnússon (1859–1926).
- 2 Kristján Jónsson (1852–1926), ráðherra, dómstjóri Landsyfírréttar og síðar Hæstaréttar.
- 3 Í Morgunblaðinu er orðið „austurrísku“ notað 23. maí, en orðið „nauðlíðandi“ 26. maí. Í símskeyti stjórnarráðsskrifstofunnar er notað orðið „nödlidende“.
- 4 Ludvig Emil Kaaber (1878–1941), bankastjóri Landsbankans, frumkvöðull frímúrarastarfs á Íslandi.
- 5 Gunnlaugur Einarsson (1892–1944), háls-, nef- og eyrnalæknir. Hann fór nokkrum sinnum í námsferðir til Austurríkis á árunum 1921–1930. Gunnlaugur gekk í stúkuna Eddu 1920.
- 6 Othmar Spann (1878–1950, austurrískur þjóðhagfræðingur.
- 7 Hallgrímur Kristinsson (1876–1923), forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga.
- 8 Barón (Freiherr) Hans Krticzka von Jaden (1866–1948) var kvæntur Ástu (Ástríði), dóttur Péturs Péturssonar, bæjargjaldkera í Reykjavík. Þau hjón voru áratugum saman velgjörðamenn Íslendinga í Austurríki. Sjá til dæmis grein Haraldar Jóhannssonar í Morgunblaðinu 18. febrúar 1994, bls. 10.
- 9 Líklega Jakob Gíslason (1902–1987), síðar rafmagnsverkfræðingur og orkumálastjóri. Hann var við nám í Kaupmannahöfn 1921–1929.
- 10 Jónas Kristjánsson (1870–1960) var á þessum tíma héraðslæknir á Sauðárkróki. Hann var frumkvöðull Náttúrulækningafélags Íslands.
- 11 Margrét Zoëga (1853–1937), hótelaigandi, kvenréttindakona, tengdamóðir Einars Benediktssonar skálds.
- 12 Meðaltímakaup Dagsbrúnarverkamanns mun hafa verið 1,20 kr. árið 1920. Sjá bók Haraldar Jóhannssonar: Efnahagsmál, Reykjavík 1960, bls. 82.



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Leópoll Sveinsson.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Fjölnis

Þann 7. febrúar sl. fór fram Stólmeistararakjör í St. Jóh.stúkunni Fjölni. Kjörinn var br. Leópoll Sveinsson og var hann settur í embættið af SMR, Vali Valssyni, þann 21. febrúar sl.

Leópoll fæddist í Reykjavík 12. apríl 1960, sonur hjónanna Freyju Leópoldsdóttur og Sveins Jónassonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði 1981, var í lagadeild HÍ 1983-1985 en lauk síðar diplómaprófi í viðskipta- og rekstrarfræðum frá EHI.

Leópoll starfaði við dagskrárgerð í útvarpi og sem markaðsstjóri. Lengst af hefur hann þó starfað við rekstur eigin auglýsingastofa og rekur nú markaðsstofuna Argus í Reykjavík.

Leópoll gekk í St. Jóh.st. Fjölni 19. mars 1996. Hann starfaði sem v.Sm. stúkunnar 1998-2004, v.Y.Stv. 2005-2007, Y.Stv. 2007-2012 og VM frá 2012.

Leópoll er kvæntur Þorbjörgu Albertsdóttur, innheimtustjóra hjá heildversluninni Innes í Reykjavík. Þau eiga þrjú börn og fjögur barnabörn.



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Arngrímur Guðmundsson.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Sindra

Að undangengnu kjöri var br. Arngrímur Guðmundsson settur í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Sindra í Reykjanesbæ af SMR, Vali Valssyni, þann 7. febrúar sl.

Arngrímur fæddist í Kópavogi 6. október 1966, sonur Guðmundar Kristins Pálmasonar og Gunnlaugar Arngrímsdóttur, bænda á Kvennabrekku í Dalasýslu.

Arngrímur lauk sveinsprófi í húsmiðum 1987 og prófi frá Lögregluskóla ríkisins 1994. Hann starfaði sem húsmiður og verkstjóri frá árinu 1985 til 1990, en sem lögreglumaður og rannsóknarlögreglumaður frá árinu 1990 til 2001. Hann starfaði þá sem yfireftirlitsmaður og síðar framkvæmdastjóri flugverndar á Keflavíkflugvelli frá 2001 til 2009. Hann var framkvæmdastjóri flugverndarmála NATO á Kabúl flugvelli í Afganistan 2009 til 2010. Hann starfaði sem lögreglumaður í landamæraeild og síðar lögreglufulltrúi hjá embætti Sérstaks saksóknara frá 2011 til 2013. Frá 2013 hefur Arngrímur starfað sem framkvæmdarstjóri flugverndar og neyðaráætla hjá WOW air.

Sambýliskona Arngríms er Katrín Halldórsdóttir, snyrtifræðingur, og flugfreyja og eiga þau fjögur börn og tvö barnabörn.



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Guðmundur Ragnar Magnússon.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Mímis

Þann 18. janúar 2016 var Guðmundur Ragnar Magnússon settur í embætti Stólmeistara St. Jóh.stúkunnar Mímis í Reykjavík af SMR, Vali Valssyni.

Guðmundur er fæddur í Keflavík 6. janúar 1956, sonur hjónanna Magnúsar Guðmundssonar og Stelli Bjarkar Baldvinsdóttur.

Hann lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1977 útskrifaðist sem stoðtækjafræðingur frá Hálsögskolan Jönköping í Svíþjóð 1984. Guðmundur starfaði hjá Össuri hf. frá 1977 til ársins 1991 en hefur starfað hjá Stoð hf. í Hafnarfirði síðan þá.

Guðmundur gekk í St. Jóh.stúkuna Mími 9. desember árið 1991. Hann hefur gegnt ýmsum embættum í Mími, v.Y.Stv. 1994-1997, v.E.Stv. 1997-1998., v.Sm. 1999-2005, Sm. 2005-2009, 2.Vm. 2009-2011, 1.Vm. 2011-2012 og Vm. 2012-2016.

Guðmundur er giftur Guðbjörgu Brynju Pálsdóttur frá Stokkseyri, bókara hjá Reykjavík Excursions og eiga þau fimm börn og átta barnabörn.

Heilræði

Í stuttri grein í sænsku systurblaði Frímúrarans (nr. 3/2016) um siðareglur fyrir bræðurna er vakin athygli á mynd með latneskum texta og frímúraratáknum sem hangir uppi á vegg í einu forherbergja St. Andrésarstúkunnar Carls Johans í Karlskrona. Textinn er handmálaður og hljóðar svo:

Fide Deo! diffide tibi, fac propria, castas
Funde preces, paucis utere, magna fuge [?]
Multa audi, dic pauca, tace abdita, disce minori
Parcere, majori cedere, ferre parem.
Tolle moras, mirare nihil, contemne superbos,
Fer male, disce DEO vivere, disce mori !!!

Vissulega umhugsunarverð orð fyrir okkur frímúrara. „Treystu á guð, vantreystu sjálfum þér,“ segir í upphafi.

„Vantreystu sjálfum þér“ er stundum talið merkja „þekktu sjálfan þig“. Ef til vill er merkingin „þekktu sjálfan þig svo að þú ofmetnist ekki“.

Ýmsar túlkanir má finna á þessum latnesku versum sem oftast eru eignuð Reglunni. Viðlíka myndir hengu uppi á Regluheimilum hér og hvar áður fyrr. Frímúrarinn sænski segir ekkert um hve gömul myndin er í Karlskrona. Aftur á móti segir að textann sé einnig að finna í skjalasafni borgarinnar í riti sem nefnist „Chansons Notées de las três vénérable Confrérie des Maçons Libre“, prentað árið 1737. Þessi samsetningur á sér þó lengri sögu en það. Undir eiginhandararituninni „Deltevus Cluverus, Anno 1659“ er ofangreindar línur að finna skrifaðar með sömu hönd á saurblaði „Florilegium ethicum“ frá 1654 og heimildir herma að þær séu enn eldri, a.m.k. frá 16. öld.

Hvað sem upprunann líður er kjarni þessara aldagömlu boðorða sígildur enda skírskota þau til Biblíunnar. Og hún segir að menn skyldu fylgja boðskapnum af heilindum en ekki hálfum hug, sbr. „saltið er gott, en ef saltið sjálft dofna, með hverju á þá að krydda það?“ (Lúk. 14:34).

Lesanda heilræðanna er ráðlagt að breyta rétt, biðja sér hreinlífis, gera sér hið minna að góðu en forðast hið meira, alltént ekki sækjast eftir því. Inntak textans á að vera hverjum góðum manni keppikefli og lýsa fullkomnum bróður. Hann á að hlusta vel, segja fátt og gæta þagmælsku um allt sem leynt á að fara, miskunna lítilmagnanum og víkja fyrir meiri máttar, sennilega líta réttmætu valdi. Bræðrakærleikurinn birtist ekki síst í þeirri hvatningu að vera bróður bróðir, „ferre parem“.

Mælt er með iðni en á móti því að falla í stafi af einhverju, „mirare nihil“, að verða svo hrifinn eða bergnuminn að dómgreindin skerðist. Drambsama skal fyrirhlíta, ekkert minna, og er fast að orði kveðið.



Myndin í forrými St. Andrésarstúkunnar Carls Johans í Karlskrona er 50x75 cm á stærð og textinn hvetur til dyggðasams og flekklauss líferniss. (Frímúrarinn, no. 3, 2016, bls. 24).


Berðu þjáningar þínar, segir að lokum, lærðu að lifa með guði, lærðu að deyja!


Br. Halldór Baldursson, Skv. R., var svo vinsamlegur að líta á heilræðin og snara þeim úr latnesku á íslensku fyrir Frímúrarann.

Almáttgum Guði ávallt treystu,
ei þér sjálfum en ger hið rétta.
Einlægu hjarta æ skalt biðja,
iðka hófsemi, óhóf forðast,
margt á hlýða, en minna tala.
Geym hið leynda, lær að hlífa
lítilmagna,
en vík fyrir valdi.
Umber jafningja, ei verk tefðu.
Berðu harma með huga góðum,
furði þig fátt,
fyrirlit drambsama.
Lær að lifa
ljúfum Guði og lær að deyja.

Fornir textar latneskir eru oft margræðir, svo og sá, sem hér hefur verið tekinn til umfjöllunar, og getur verið snúið að þýða þá. Við br. Halldór skorum á listfenga kunnáttumenn að reyna sig við heilræðin og er þá við hæfi að slá botninn í þennan pistil með tilvitnun í formála sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum: „Þeir sem betur kunna munu betur gjöra.“

Þór Jónsson





Hér má lesa 'maðr er manns gaman' úr 47. vísu Hávamála, m-rúnin er stytting fyrir orðið 'maðr'.

Siðfræði Hávamála með augum frímúrara

Fundur var haldinn hjá Rannsóknastúkunni Snorra þann 8. mars s.l. og var hann opinn öllum bræðrum. Þar flutti br. Símon Jón Jóhannsson áhugavert erindi sem hann nefndi: Siðfræði Hávamála með augum frímúrarans.

Í erindinu var sjónum beint að þeim siðferðishugmyndum og siðaboðskap sem fram kemur í Hávamálum og þær hugmyndir bornar saman við þær siðferðishugmyndir sem finna má í fræðum frímúrara. Sérstaklega var fyrsti hluti Hávamála, svokallaður Gestapáttur, skoðaður enda er það fyrst og fremst þar sem settar eru fram ákveðnar siðferðishugmyndir.

Sú rannsóknarspurning sem lögð var til grundvallar í erindinu var: Að hvaða leyti fara þær siðferðishugmyndir og sá siðaboðskapur sem fram kemur í Gestapætti Hávamála saman við þær siðferðishugmyndir og þann

siðaboðskap sem fram kemur í fræðum Frímúrarareglunnar? Þá var leitast við að svara því hvað sé líkt með siðaboðskap þessara hugmyndakerfa og hvað ólíkt og hver séu tengsl, skyldleiki og hugsanlegar rætur slíkra hugmynda?

Siðfræði Frímúrarareglunnar leggur megináherslu á iðkun dyggða og á þær eru bræður meðal annars minntir á hverjum I° fundi og víðar. Sérhverjum frímúrarara ber skylda til að rækja og rækta með sér; þægmælsku, varúð, hófsemi og miskunnsemi. Hin konunglega íþrótt gerir einnig ráð fyrir þremur dyggðum til viðbótar, stöðuglyndi, iðjusemi og ráðvendni, þannig að alls má telja höfuðdyggðir frímúrara sjö.

Siðaboðskapur Frímúrarareglunnar er þó um margt óljós og krefst á stundum túlkunar eins og svo margt sem Reglan ber á borð fyrir bræðurna. Víða eru þó bræður hvattir til að temja sér ákveðið siðferði í fræðum Reglunnar. Samt sem áður eru ákveðnar meginlínur skýrar og augljósar. Þess-

ar meginlínur koma meðal annars skýrt fram í Grundvallarskipan Reglunnar. Trú á Guð, Hinn hæsta er upphaf og kjarni Reglunnar. Frímúrarareglan byggir með öðrum orðum á kristnum grunni og „rekur upphaf sitt og hugsjónir til bræðralaga eða gilda sem stofnuð voru á löngu liðnum tímum til dýrðar Guði, Hinum Hæsta.“ Reglan setur sér það markmið að bæta og göfga mannlífð, „... efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“ Hún vill „fræða bræðurna um þau göfugu vísindi að hefja dyggðina til vegs, bæla niður lestina og glæða á þann hátt hið besta í fari þeirra ...“ Þá er tekið fram að viskan hafi reist þá sjö hyrningarsteina sem Musterið hvíli á; trú á Guð, dyggð, kærleika, eindrægni, þægmælsku, iðjusemi og stöðuglyndi. Trúin er kjarni Reglunnar, dyggðin efniviðurinn, kærleikur skapar innri fegurð og miskunnsemi, eindrægni styrkir Regluna, þægmælskan varðveitir leyndardóma hennar, iðjusemi eflir starfð og stöðuglyndi tryggir

sjálfstæði hennar. Þetta er kjarni hinnar konunglegu íþróttar.

Í öðrum kafla Grundvallarskipunar Frímúrarareglunnar er fjallað um skyldur frímúrarabræðra. Sérhverjum bróður ber skylda til að efla trú sína. Hann skal jafnframt „bera mót-læti með þolinmæði og staðfestu en sýna auðmýkt og hógværd í með-læti...“ Þá skal frímúrarabróðir leitast við að vera traustur og löghlýðinn þjóðfélagsþegn og sýna Reglunni hlýðni. Hann skal vera iðinn og temja sér góða ástundun og rækja störf sín innan Reglunnar af kostgæfni. Kærleikur, hjálpsæmi, góðvild, drenglyndi, réttsýni, orðheldni og hógværd skulu einkenna framkomu bræðra. Þá skal frímúrarabróðir vera greiðvikinn, umhyggjusamur, hjálpa bágstöddum, vitja sjúkra, hugga sorgbitna, hughreysta dapra og leiðbeina þeim sem hrasa á lífsleiðinni.

Þær skyldur sem frímúrarabróðir hefur gagnvart sjálfum sér er að leita ljóss og sannleika, göfga hugarfar sitt, faga framkomu sína, forðast lesti og leitast við að ná þroska og framför. Hann skal vera orðvar, orðheldinn, hreinskilinn, grandvar og hófsamur. Þá er tekið fram að frímúrarari óttast ekki dauðann og hann veit að lífið er guðs gjöf sem honum ber að þakka og

vernda, sér og sínum og samfélaginu til blessunar.

Það er merkilegt að bera saman siðferðishugmyndir frímúrarara við þær siðferðishugmyndir sem fram koma í Hávamálum. Meginniðurstaða erindisins er sú að hinn aldagamli siðaboðskapur sem endurspeglast í Gestaþætti Hávamála eigi sér á margan hátt samhljóm í þeim siðferðishugmyndum og siðaboðskap sem fram kemur í fræðum Frímúrarareglunnar enda er grundvöllur þessara hugmynda og skyldleiki sennilega nánari og meiri en virðist við fyrstu sýn og menn hafa almennt gert sér grein fyrir.

Frímúrarareglan setur sér það markmið að bæta og göfga mannlífið, efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal. Hún vill efla dyggðir og bæla niður lesti og ná með þeim hætti fram hinu besta í fari bræðra. Þetta er einnig að mörgu leyti meginmarkmið höfundar Gestaþáttar.

Höfuðdyggðir frímúrarara, þagmælska, varúð, hófsemi og miskunnsemi, eru greinilega meðal þess sem höfundur Gestaþáttar telur grundvöll þess að menn temji sér gott siðferði. Þá telur hann ýmsa aðra þætti í hegðun manna undirstöðu þess að einstaklingur þroskist til hins betra og mann-

lífið göfgist. Hér má nefna mikilvægi skynsemi, vináttu, þekkingarleit, einlægni, trygglyndi, iðni og gildi þess að vera sjálfstæður og frjáls maður. Gott sé að temja sér sjálfsgagnrýni og umburðarlyndi og sýna æðruleysi gagnvart dauðanum, vera bjartsýnn og hafa ekki óþarfa áhyggjur og lifa heilbrigðu og grandvöru lífi. Allt þættir sem koma einnig við sögu í siðfræði frímúrarara.

Það sem fyrst og fremst skilur þessar siðferðishugmyndir að er trúin á guð sem frímúrarar telja upphaf og kjarna Reglunnar. Siðferði og lífsbreytni höfundar Gestaþáttar miðast fyrst og fremst við framkomu í þessu lífi og styðst ekki beint við neinar trúarskoðanir heldur byggir frekar á manneðli og því sem reynslan kennir. Farsælast er að fylgja boðum skynseminnar og samviskunnar en það eru reyndar frímúrarar einnig hvattir til að gera. Aftur á móti ganga frímúrarar, eins og aðrir kristnir menn, út frá því að lífið haldi áfram eftir dauðann. Menn hverfi til austursins eilífa að loknu þessu lífi og nýr kaffi taki við og þá skipti breytni manna í jarðlífinu miklu máli.

Rannsóknarindið í heild má lesa í prentaðri útgáfu sem finnst á bókasöfnum Reglunnar.

Jónsmessuhátíð Rúnar 2017



Föstudagur 23. júní

- **Kl. 21:00** Móttaka fyrir bræður og systur í Flugsafni Íslands við Akureyrarflugvöll. Léttar veitingar og tónlistaratriði.
- **Kl. 23:50.** Miðnætursigling um Eyjafjörð (ca. 90 mín.) frá Torfunefsbyggju í miðbæ Akureyrar.*

Laugardagur 24. júní

- **Fyrri partinn:** Ýmsar ferðir og afþreying sem bræðrum og systur býðst að taka þátt í; m.a.: Ferð mótörhólamanna, Grenivíkurförð, Hauganessferð; golf, útreiðatúr, heimsókn í Lystigarðinn og miðbæinn, o.fl.*
- **Kl. 17:00:** Jónsmessufundur RÚNAR í frímúrarahúsinu.
- **Kl. 19:00:** Móttaka í Íþróttahöllinni á Akureyri fyrir bræður og systur. Glæsilegur hátíðarkvöldverður með tónlistaratriðum.

Það sem merkt er með * er ekki innifalið í verði.

Bókunarslóð:

<https://frimurarareglan.is/skraningar/jonsmessufundur-runar-2017/>

Nánari upplýsingar veita:

Hannes: 892 9091 – Kristján Már: 898 5534 – Steini Pje: 699 1950

| | | |
|---|---|--|
|  <p>TENGIR - framtíðin er ljós www.tengir.is</p> |  <p>GLUGAR Kaldbaksgötu 1, Akureyri</p> |  <p>www.kjarnafaedi.is</p> |
|  <p>Bananar ehf. www.bananar.is</p> |  <p>ISPAN HE. EINANGRUNARGLER AKUREYRI</p> |  <p>BÍLLEIGA AKUREYRAR Hóldur Europcar Þínar þarfir - okkar þjónusta. www.holdur.is</p> |
|  <p>Útrás Smiðja - allt úr stáli - Sími 461 2911 - www.utras.is</p> |  <p>RAFEYRI alltaf í stúdí!</p> |  <p>norlandair www.norlandair.is</p> |
|  <p>GRAND ÞVOTTUR EHF preben@thvottur.is</p> | <p>mbl.is</p> |  <p>ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf</p> |
|  <p>FMBS.IS S: 456 6330</p> | <p>Barði Öundurson Hafrafelli, Ísafirði Sími 892 0429</p> |  <p>ISBLIKK BLIKKSMÍÐJA ehf</p> |
|  <p>JAKOB VALGEIR EHF. Grundarstíg 5 Sími 894 7584</p> | <p>Pípulagningarþjónusta Bolungarvíkur Hafnargötu 116, Bolungarvík Sími 893 4063</p> |  <p>Ekran</p> |
|  <p>VESTFIRSKIR VERKTAKAR</p> |  <p>Ábygg Alhliða byggingaþjónusta Sími 896 6624 • 482 2826</p> |  <p>VÉLSMÍÐJA ÓLAFS R. GUDJÓNSONAR SMÍÐJUVÖLLUM 6 AKRANES - Sími 431 3022</p> |
|  <p>STRAUMNES EHF RAFVERKTAKAR</p> |  <p>PK Lagnir</p> |  <p>PÓSTURINN Akranesi</p> |



VALITOR



Velkomin á
Blönduós



Hjólbarðapjónusta Magnúsar



Nesey ehf



PALLI EGILS EHF.

Hrísholti 23, Selfossi
Sími 893 1223



VORTEX ehf.

HLÍÐARKAUP

| | | |
|--|---|--|
|  <p>TRÉSMIÐJAN BORG EHF</p> |  <p>Grettistak VEITINGAR</p> |  <p>FLOKKA</p> |
|  <p>Vinnuvélar Símonar ehf.</p> |  <p>Húnaprent sf. Eyrarland 1 • 530 Hvammstangi Sími 451 2990 • 868 3328 prent@hunaprent.is • www.hunaprent.is</p> |  <p>SORPHREINSUN Vilhelms Harðarsonar ehf.</p> |
| <p>PROMENNT</p> |  <p>BERG FASTEIGNASALA</p> |  <p>PRESSAN</p> |
|  <p>STOD Við styðjum þig Trönuhraun 8 : Hafnarljóður : Sími 5652885</p> |  <p>ÁRBORGIR FASTEIGNASALAN</p> |  <p>Eðalmálmsteypan Gullsmiður Einar Esrason Eyrarlandi 1 530 Hvammstangi Sími: 869 8143 eesra@simnet.is</p> |

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla



**Sverrir
Einarsson**

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn



**Kristín
Ingólfssdóttir**

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Stefán Bjarnason 100 ára

Stefán Bjarnason í St. Jóh.st. Akri átti 100 ára afmæli 18. janúar sl.

Á myndinni eru Stefán og Stm. Akurs, Ólafur Rúnar Guðjónsson, Sævar Jónsson Sm. og Sæmundur Víglundsson Vm. í afmælisveislunni, sem haldin var Stefáni til heiðurs.



Pétur K. Esrason 75 ára

Pétur K. Esrason, R&K, fyrrv. YAR, fagnaði 75 ára afmæli sínu þann 25. nóv. sl. Pétur hefur verið ötull og öflugur liðsmaður Reglunnar frá því að hann gekk til liðs við hana og fékk að sjálfsögðu blómvönd við þetta hátíðlega tilefni.



Bent Bjarnason 75 ára

Bent Bjarnason, R&K, varð 75 ára 6. des sl. Af því tilefni var honum afhent skjal sem segir að Reglan hafi afhent tillegg að ósk hans til Ljössins í tilefni tímamótanna. St.Sm. afhenti Bent skjalid fyrir hönd SMR og Reglunnar á heimili hans og Helgu eiginkonu hans.

 **SOL
GRYNN**®

Holl, ristuoð hafragrjón

SVAFAR & HERMANN

Kvedja
útfararstofa 

Virðing,
reynsla
& þjónusta

Allan
sólarhringinn

571 8222

Svafar:

820 3939

Hermann:

820 3938

Ingibjörg:

820 3937



WWW.KVEDJA.IS

Skjalasafn Reglunnar



Carl Olsen, Magnús Sigurðsson, Ólafur G. Eyjólfsson, Matthías Einarsson, H.S. Hansen, Asgeir Sigurðsson, Debell forstjóri, Jón L. Aðils, Sveinn Björnsson, Ludvig Kaaber, Egill Jacobsen og Arent Claessen.

Hvers virði í dag er tvö þúsund kall 1916?

Minjasafn Reglunnar geymir margt merkra gripa og leyna sumir á sér ef að er gáð. Í NV horni safnsins, uppi á vegg er ljósmynd og er nefnd: „Út-reiðartúr Eddubræðra 1916.“

Br. Sveinn Kaaber skrifar (að vanda) líflegan texta um þessa mynd í sýningarskrána. Hann segir:

„Þeir eru að fara í útreiðartúr til Þingvalla. Við sjáum þarna bræðurna sem þá voru: Þegar myndin var tekin stóð ég hjá ljósmyndaranum og horfði á riddaraliðið sem var að leggja í ferðalagið og var mjög hrifinn.“

Þeir fóru til Þingvalla og á Þingvöllum var haldið uppboð. Matthías Einarsson gaf stúkunni St. Eddu gráan gæðing sem hann átti og það átti að selja hann á uppboði til að afla [fjár] fyrir væntanlega stúkubyggingu. Og hesturinn var sleginn á tvö þúsund krónur, sem var stórfé. Sá sem keypti hann gaf stúkunni hestinn aftur og var hann enn settur á uppboð og sleginn fyrir tvö þúsund kall og þriðja og fjórða sinn var hesturinn sleginn og seldur. Og loks keypti [C]arl Olsen hestinn fyrir 2.000 krónur og gaf þabba hann með því skilyrði að hann setti

hann ekki á uppboðið aftur. Þetta var árið 1916 og á afmælisdegi mínum, 24. júní.“

Rausnarlegt var það!

Af þessari frásögn br. Sveins Kaaber verður ráðið að hestur sá hafi fimm sinnum verið seldur í þessum útreiðartúr til Þingvalla sumarið 1916 og fyrir tvö þúsund krónur í hvert sinn, samtals tíu þúsund krónur. Br. Sveinn segir tvö þúsund krónur hafa verið „stórfé.“ Hve mikið var þá þetta stórfé á nútíma mælikvarða? Það er erfitt að segja. Stundum miða menn við verð á þorski, stundum við kýrverð, stundum eitthvað annað. Hagstofan gefur upp vísitölumiðun frá árinu 1939. Svo fer að vandast málið, þegar leitað er lengra aftur í tímann.

Fyrst skal hér játað að sennilega er enginn hárnákvæmur mælikvarði sem getur sagt okkar hvers virði króna á árinu 1916 yrði á nútíma mælikvarða. Reyna má samt að nálgast einhvern samanburð, en með öllum fyrirvörum og jafnt af hófsemi sem varúð. Við leituum til bróður, sem er vel heima á þessu sviði, og báðum hann að finna

hvað opinber gögn segðu um hvers virði þessi fjársöfnun fyrir stúkuhúsi væri á nútíma mælikvarða. Enn á ný setjum við, ásamt hinum hjálplega bróður, alla fyrirvara á útreikninginn, en ekki er við annað að styðjast eins og er.

Árin 1916-1939 verður að áætla ársverðbólgu. Í okkar útreikningum er miðað við 4% ársmeðaltal (sem verður að teljast afar hóflegt því stór-an hluta þessa tímabils ríkti mikil verðbólga, sem á þeim tíma kallaðist dýrtíð). Eftir það er miðað við vísitölu Hagstofunnar. Niðurstaðan er sannarlega sláandi:

Hvert sinn sem Gráni var seldur, voru greiddar um 114 milljónir króna fyrir hann, á verðlagi 2017! Samtals tæpar 570 milljónir króna. Enn á ný skal ítrekað að þessar tölur eru vissulega birtar „án ábyrgðar“ en ekki höfum vér fundið áreiðanlegri leið til að bera þessar sölutölur, upp á fimm sinnum tvö þúsund kall, saman við nútímavirði slíks. Má því með sanni segja að sú tylft manna sem situr fyrir á myndinni af Eddubræðrum á leið í útreiðartúr 1916 hafi með verðleikum áunnið sér virðulegan stað á Minjasafni Reglunnar! Þá má loks vissulega spyrja hvort sá rausnarskapur sem þeir sýndu eigi að vera betur megandi bræðrum í nútímanum til eftirbreytni?

Ekki kemur fram í frásögn br. Sveins Kaaber hversu langt þetta fimmfalda „stórfé“ dugði til væntanlegrar stúkubyggingar. Hann lýkur frásögn sinni með skemmtilegum léttleik:

„Tveimur árum seinna átti að fara með Grána til Bessastaða. Og við Axel áttum að fara með hann og tvímenna á honum. Það var lagt á bak og mamma stóð hjá, hjálpaði okkur og horfði á þegar við lögðum af stað. Og við riðum þarna eins og tveir musterisriddarar, því skjaldarmerki þeirra er mynd af tveimur mönnum sem tvímenna, því þeir voru mjög fátækir þegar Reglan var stofnuð. Nú en þessir tveir ungu musterisriddarar þeystu svo af stað og þegar við komum á Klapparstígs-hornið, sem var í um 100 metra fjarlægð frá heimili okkar, setti Gráni upp rassinnog við fórum báðir fram af. Þar endaði þetta ferðalag.“

Þórhallur Birgir Jóseppson

Fjölmennt Stórhátíð 2017

Stórhátíð Reglunnar var haldin 23. mars 2017 og var fundurinn venju samkvæmt afar vel sóttur. 274 bræður sóttu Stórhátíð og er óhætt að segja að áhugi bræðra á málefnum Reglunnar endurspeglar vel með þessari góðu mætingu.

SMR, Valur Valsson, ávarpaði bræður á fundinum og gerði meðal annars að umtalsefni þá bræður sem gegna embættum, sitja í nefndum eða inna af hendi verk fyrir Regluna. Sagði hann Regluna og bræður standa í þakkarskuld við þá, enda væri slíkt bæði tímafrekt og oft erfitt viðfangs. Þá flutti sr. Vigfús Þór Árnason, ÆKM, ávarp til bræðra.

Þá var tilkynnt á fundinum um breytingar á embættisskipan innan Reglunnar. Nánari upplýsingar um þær má finna hér á næstu síðu.

Skýrslur um störf Reglunnar voru fluttar af br. úr æðstu stjórn Reglunnar, þ.m.t. br. Kristjáni Sigmundssyni, FHR, Kristjáni Þórðarsyni, IVR, og Þorsteini Eggertssyni, St.R.



Ljósmyndari: Jón Svavarsson

Það var létt yfir þessum Fjölnisbræðrum á Stórhátíð. F.v. Þorbergur Aðalsteinsson, Kristján S. Sigmundsson, Ólafur Rúnar Jónsson og Sveinbjörn E. Björnsson.

Prentský®

Optima er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á prentlausnum á Íslandi

Prentbúnaður og heildarlausnir



OPTIMA
Vínlandsleið 6-8 Reykjavík
Glerárgata 28 Akureyri
Sími 588 9000

Frá Stjórnstofu

*Skipun í embætti á Stórhátíð
23.3. 2017*

Stjórnstofa gjörir kunnugt:

Engar breytingar verða á Æðstu stjórn Reglunnar

Landsstúkan, embættisskipan

- Háttupplýstur br. r.p. Ingvar Ásgeirsson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti Y.Yf.Stv.
- Háttupplýstur br. r.p. Lárus J. Atlason er hér með skipaður til að gegna embætti Y.Yf.Stv.
- Háttupplýstur br. r.p. Ómar Kristjánsson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er leystur frá embætti Yf. R.
- Háttupplýstur br. r.p. Sigurberg Guðjónsson er hér með skipaður til að gegna embætti Yf.R. Jafnframt er hann leystur frá embætti R.
- Háttupplýstur br. r.p. Sveinbjörn Egill Björnsson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti Yf. Fh.
- Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Rúnar Jónsson er hér með skipaður til að gegna embætti Yf.Fh.
- Háttupplýstur br. r.p. Haraldur Magnús Kristjánsson er hér með skipaður til að gegna embætti Km.
- Hæstlýsandi br. Vigfús Bjarni Albertsson er hér með skipaður til að gegna embætti Km.
- Háttupplýstur br. r.p. Andrés Sigurðsson er hér með leystur frá embætti Y.Sm. að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Vigfússon er hér með skipaður til að gegna embætti Y.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Sm.
- Háttupplýstur br. r.p. Hermann Fanndal Ólason, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti Stú.M.

- Háttupplýstur br. r.p. Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson er hér með skipaður til að gegna embætti Stú.M. Jafnframt er hann leystur frá embætti Sm.
- Upplýstur br. Carl Tulinius er hér með leystur frá embætti Sm. að eigin ósk.
- Upplýstur br. Práinn Ómar Svansson er hér með leystur frá embætti Sm. að eigin ósk.
- Upplýstur br. Skapti Jóhann Haraldsson er hér með leystur frá embætti Sm. að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Sveinbjörn Ragnarsson er hér með skipaður til að gegna embætti Sm.
- Hæstlýsandi br. Magnús Sigurðsson er hér með skipaður til að gegna embætti Sm.
- Háttupplýstur br. r.p. Birgir Ingvason er hér með skipaður til að gegna embætti Sm.
- Háttupplýstur br. r.p. Bjarni Jónsson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti R.
- Háttupplýstur br. r.p. Örn Þórðarson er hér með skipaður til að gegna embætti R.
- Háttupplýstur br. r.p. Einar Bjarndal Jónsson er hér með skipaður til að gegna embætti Kv.

Stúartstúkan á Akureyri

- Háttupplýstur br. r.p. Kristmundur Valberg er hér með leystur frá embætti A.Y. Stv. að eigin ósk.
- Upplýstur br. Hjörtur Narfason er hér með skipaður til að gegna embætti A.Y. Stv.
- Háttupplýstur br. r.p. Baldvin Valdemarsson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti A. Sm.
- Háttupplýstur br. r.p. Oddur Óskarsson er hér með skipaður til að gegna embætti A.Sm.

- Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Matthíasson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti A.Y. Stú.
- Háttupplýstur br. r.p. Baldvin Valdemarsson er hér með skipaður til að gegna embætti A.Y.Stú.

Ráð Reglunnar:

Fjárhagsráð

- Háttupplýstur br. r.p. Jens Sandholt er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2019.
- Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Rúnar Jónsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2019.
- Háttupplýstur br. r.p. Jón Eiríksson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2019.
- Háttupplýstur br. r.p. Sveinbjörn Egill Björnsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2019.
- Hæstlýsandi br. Vilhjálmur Skúla-son er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2019.

Stúkuráð

- Háttupplýstur br. r.p. Steingrímur Bergmann Gunnarsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2019.
- Háttupplýstur br. r.p. Pétur Andreas Maack er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2019.
- Háttupplýstur br. r.p. Jóhann Steinsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2019.

BARA ÞAÐ BESTA

SAGE



SIMMS



VEIÐIHORNID